


Verkstjórasamband Íslands 70 ára í dag:

Sterk staða á tímamótum

Myndin af verkstjóranum í sloppnum með hattinn tilheyrir liðinni tíð. „Í dag er það svo að margir sem eiga aðild að verkstjórafélögum annast verkefnastjórnun, deila verkefnum til annarra og bera fjölbreytt starfsheiti sem vísa til stjórnunar,” segir Kristján Örn Jónsson, forseti Verkstjórasambands Íslands.

Sjá bls. 4



**VERKSTJÓRASAMBAND
ÍSLANDS**

1938-2008



Nokkrir molar úr 70 ára sögu

Þann 10. apríl 1938 komu verkstjór- ar saman til fundar í Kaupþingssaln- um svokallaða í Eimskipafélagshúsinu í Reykjavík til stofnunar landssam- bands verkstjóra. Nítján árum áður, nánar tiltekið 3. mars 1919, hafði fyrsta verkstjórafélag landsins verið stofnað í Reykjavík, Verkstjórafélag Reykjavíkur. Tilgangur með stofnun þess félags var „að auka og efla sam- vinnu meðal verkstjóra í Reykjavík að því er snertir störf þeirra og önnur áhugamál.” Áður en til stofnunar Verkstjórafélags Reykjavíkur kom höfðu ýmsir hópar stofnað með sér samtök. Nefna má útgerðarmenn, prentara, verkakonur og háseta. Og 1916 var Alþýðusamband Íslands síð- an stofnað. Það var því ekki órökrétt niðurstaða að stofna til félags verk- stjóra þremur árum síðar, ekki síst þegar þess er gætt að verkstjórar lentu oft mitt á milli atvinnurekenda og launamanna. Það var því ekki auðvelt að taka afstöðu til þess hvoru megin hryggjar þeir ættu að vera.

Verkstjórafélagið Þór

Í kjölfar þess að málmiðnaður þróað- ist í Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar varð það úr að verkstjórar í nokkrum málmsmiðjum stofnuðu með sér Verkstjórafélagið Þór þann 2. nóvember 1935. Þar með voru orðin til tvö verkstjórafélög í Reykja- vík. Enn þann dag í dag eru bæði þessi verkstjórafélög starfrækt og er Verkstjórafélagið Þór iðnaðarmanna- félag, eins og það var strax í upphafi.

Stofnun Verkstjórasambands Íslands

Sem fyrr segir var Verkstjórasam- bandið stofnað 10. apríl 1938 og því fagnar það 70 ára afmæli sínu í dag. Stofnfélagar voru alls 44, 24 úr Reykjavík og 20 utan af landi. Ann- ars vegar var um að ræða féлага í Verkstjórafélagi Reykjavíkur og hins



Þessir vösku menn voru áberandi í forystu Verkstjórasambandsins á sjötta áratugnum. Sitjandi frá vinstri: Guðlaugur Stef- ánsson, Jónas Magnússon, Jónas Eyvindsson, Jón G. Jónsson, Þórarinn G. Sigurjónsson og Þórður Þórðarson. Standandi frá vinstri: Adolf J. E. Petersen, Zóphonías Jónsson, Guðmundur Jónasson, Skúli Magnússon, Jón Sigurðsson og Guðni Bjarnason.

Úr safni VFR.

vegar vegavinnuverkstjóra sem störf- uðu hjá Vegagerð ríkisins. Í fyrstu stjórn Verkstjórasambandsins voru kjörnir Jóhann Hjörleifsson, vega- verkstjóri, forseti, Felix Guðmunds- son, umsjónarmaður Kirkjugarða Reykjavíkur, ritari og Jónas Eyvinds- son, símaverkstjóri, gjaldkeri. Eitt af fyrstu málunum sem kom inn á borð stjórnarmanna var baráttan fyrir lög- gildingu verkstjórnar og verkstjóra- menntun.

Sannast sagna var Verkstjórasam- bandið afar máttlaust fyrstu árin. Sambandið var fyrst og fremst vett- vangur nokkurra einstaklinga sem hittust á aðalfundum en lítið þar fyrir utan.

Fleiri verkstjórafélög

Árið 1940 var stofnað verkstjórafélag í Hafnarfirði og sömuleiðis stofnuðu verkstjórar í Skagafirði og Austur- Húnavatnssýslu með sér verkstjórafé- lag. Ári síðar var komið að stofnun Verkstjórafélags Akureyrar og ná- grennis. Þessi félög gerðust síðan aðil- ar að Verkstjórasambandinu og við það náði það loks nokkru flugi.

Blað og styrktarsjóður

Á aðalfundi árið 1942 var rætt um skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Verk- stjórasambandsins og jafnframt var ákveðið að ráðast í útgáfu blaðs fyrir sambandið, sem fékk einfaldlega nafnið Verkstjórinn. Fyrsta tölublað- ið kom út árið 1943. Það sama ár var stofnað nýtt verkstjórafélag í Reykja-

vík, Brautin, þar sem voru verkstjórar í vega- og gatnagerð og hliðstæðum störfum. Þetta félag starfaði aðeins í eitt ár.


Enn fleiri verkstjórafélög

Fleiri verkstjórafélög voru stofnuð. Á Suðurnesjum var stofnað verkstjóra- félag og störfuðu margir innan þess í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Einnig urðu til verkstjórafélög á Suð- urlandi, Siglufirði, í Vestmannaeyj- um, á Akranesi, Húsavík og Þingeyj- arsýslu, í Borgarnesi og nágrenni, á Raufarhöfn og nágrenni, á Ísafirði, í Stykkishólmi, á Austurlandi og í Vestur-Barðastrandarsýslu. Einnig var stofnað nýtt verkstjórafélag í Reykjavík, nefnilega Verkstjórafélag trésmiða Reykjavíkur og nágrennis.



Stjórn Verkstjórasambandsins milli þinga 1985 og 1987. Sitjandi frá vinstri: Högni Jónsson, ritari, Kristján Jónsson, forseti, Óskar Á. Mar, varaforseti og Páll Guðmundsson, gjaldkeri. Standandi frá vinstri: Brynjarr Pétursson, Jón Ó. Vilhjálmsson, Árni Björn Árnason, Bergsveinn Sigurðsson, Gísli V. Halldórsson og Jón Erlendsson.

Mynd úr Verkstjóranum árið 1985.



Þingfulltrúar á þriðja sambandsþingi Verkstjórasambandsins í Vagaskógi árið 1947.

Mynd: Þorsteinn Jósefson.



Verkstjórasambandið gaf út sögu sína á bók árið 2001. Þórarinn Hjartarson, sagnfræðingur frá Tjörn í Svarfaðar- dal, ritaði sögu sambandsins.

Á árunum milli 1960 og 1980 varð til eitt nýtt verkstjórafélag – í Austur-Skaftafellssýslu. Það varð hins vegar skammlíft. Verkstjórafélagið í Stykkishólmi breyttist í Verkstjórafé- lag Snæfellsness.

Þegar hér var komið sögu var Verkstjórafélag Reykjavíkur orðið af- ar öflugt félag og eignir þess umtals- verðar. Félagið átti húseign við Skip- holt, sem það nýtti sjálft að hluta en leigði bróðurpartinn til Verkstjóra- sambandsins og Rafmagnsveitna rík- isins.

Fyrsti starfsmaður Verkstjórasambandsins

Árið 1971 var fyrsti starfsmaður Verkstjórasambandsins ráðinn og var það fyrrum forseti þess, Björn E. Jónsson. Hann gegndi starfinu til ársins 1975 þegar hann lést, 76 ára að aldri. Við starfinu tók Bryndís Guð- bjartsdóttir.

Á þessum árum urðu töluverðar breytingar í starfi Verkstjórasam- bandsins. Sjúkrasjóður þess var stofn- aður árið 1974 og skrifstofan í Skip- holti tók í auknum mæli að sér þjón-ustu fyrir minni verkstjórafélög út um land.

Á sambandsþingi verkstjóra árið 1975 var samþykkt reglugerð fyrir sjúkrasjóðinn sem kvað á um að markmið sjóðsins væri að greiða dag- peninga til verkstjóra í sjúkra- og slysatilfellum eftir að samnings- bundnum greiðslum atvinnurekenda lyki.

Á áttunda áratugnum jókst al- mennt áhugi stéttarféлага á að eignast orlofshús og leigja út til félagsmanna sinna. Þetta átti líka við um verk- stjóra. Stærri verkstjórafélögin fjár- festu í orlofshúsum víðsvegar um land og nutu þau strax mikilla vin- selda.

Ráðning framkvæmdastjóra – aukin starfsemi

Árið 1980 tók Jóhanna S. Eyjólf- dóttir við af Bryndísi Guðbjartsdótt- ur sem starfsmaður Verkstjórasam- bandsins og skömmu síðar var ráðinn annar starfsmaður í hálftr starf. Árið 1987 var síðan ráðinn framkvæmda- stjóri fyrir sambandið og tók Óskar Á. Mar, varaforseti þess, að sér það starf. Þar með voru starfsmenn Verk- stjórasambandsins orðnir þrír og svo hefur verið allar götur síðan.

Úr Skipholtinu flutti Verkstjóra- sambandið og Sjúkrasjóður verkstjóra starfsemi sína í Síðumúla 29.


Á árinu 2000 urðu framkvæmda- stjóraskipti þegar Óskar Á. Mar lauk löngu og farsælu starfi fyrir verk- stjórasamtökin og við tók núverandi framkvæmdastjóri Kristín Sæunnar Sigurðardóttir.

Árið 1980 voru félagsmenn í Verkstjórasambandinu um 1500. Tuttugu árum síðar voru þeir 2044 og í dag, á 70 ára afmæli sambands- ins, eru þeir um 2500, þar af eru sem næst 2000 í starfi.

Vega- og framkvæmda- merkingar



Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 510 5100
www.ismar.is

 **ÍSMAR**
Við mælum með því besta

Kristján Örn Jónsson, forseti Verkstjórasambandsins, segir starf verkstjóra hafa tekið miklum breytingum í tímans rás:

Sterk staða á tímamótum

„Ég tel að staða Verkstjórasambandsins sé sterk í dag. Engu að síður hefði ég kosið að enn fleiri áttuðu sig á því fyrir hvað sambandið og verkstjórafélögin standa þannig að allir milli-stjórnendur sem og aðrir stjórnendur, hvert sem starfsheiti þeirra er, sjái að þeir eiga samleið með okkur. Mögulega getur verkstjóranafrnið fælt einhverja frá eða þá að menn mistúlki það og telji að verkstjórar séu eingöngu þeir sem stýri vinnuflokkum til verka. Það er hins vegar ekki raunin. Í dag er það svo að margir sem eiga aðild að verkstjórafélögum annast verkefnastjórnun, deila verkefnum til annarra og bera fjölbreytt starfsheiti, sem vísa til stjórnunar. Það hafa miklar breytingar átt sér stað í þessum efnum og eiga eftir að verða meiri á næstu árum, á því er enginn vafi í mínum huga,“ segir Kristján Örn Jónsson, forseti Verkstjórasambands Íslands.

„Ég hefði gjarnan viljað sjá t.d. enn fleiri millistjórnendur í fyrirtækjum inni í okkar samtökum. Ég hef verið talsmaður þess að skoða alvarlega að breyta verkstjóranafrninu í t.d. „stjórnandi“ og útvíkka þannig okkar samtök. Um þetta eru vissulega skiptar skoðanir í okkar röðum, en þó hafa orðið þær breytingar hjá nokkrum verkstjórafélögum að þau hafa útvíkkað nöfn sín og breikkað um leið starfsemina. Ég get sem dæmi nefnt að á Suðurlandi hefur Verkstjórafélag Suðurlands bætt við nafn sitt „félag stjórnenda á Suðurlandi“ . Það félag var fyrst til að gera þessar breytingar og þær urðu til þess að félögum í því fjölgaði.”

- Myndir þú vilja ganga lengra í þessum efnum?

„Já, ég neita því ekki að ég teldi rétt að ganga lengra og í stað þess að samband okkar heiti Verkstjórasamband Íslands gæti það til dæmis heitið Samband stjórnendafélaga á Íslandi, eða eitthvað í þeim dúr. Það hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélaginu á undanförunum árum og við þurfum að laga okkur að þeim breytingum. En umræða og ákvarðanataka hvað þetta varðar þarf að fara hina lýðræðislegu leið innan okkar raða.“

- Hefur mikið verið um þetta rétt í ykkar röðum?

„Já, töluvert mikið. Ég hygg að það séu fjögur ár síðan ég tók þessa umræðu fyrst upp og óskaði eftir því við verkstjórafélögin að þau skoðuðu hvort ástæða væri til breytinga og þá hvaða breytinga. Mér er kunnugt um að nokkur félög hafa verið að skoða það í alvöru að taka afgerandi skref í að breyta nöfnunum, þ.e.a.s. að hverfa frá því að kenna þau eingöngu

...í stað þess að samband okkar heiti Verkstjórasamband Íslands gæti það til dæmis heitið Samband stjórnendafélaga á Íslandi, eða eitthvað í þeim dúr.

við verkstjóra, en útvíkka nöfnin þannig að þau taki til allra stjórnenda. Það væri að mínu mati mjög jákvætt skref.“

Að útvíkka starfsemi Verkstjórasambandsins

- Ef að félögin taka skref í þessa átt, myndi það þá sjálfkrafa þýða að Verkstjórasambandið fengi annað nafn?

„Málið er það að Verkstjórasambandið er samband verkstjórafélaganna í landinu og getur því varla ákveðið slíkar breytingar nema að undangengnum breytingum í félögunum. Ef slíkar breytingar ná fram að ganga í félögunum er einboðið að mínu mati að Verkstjórasambandið geri einnig breytingar á sínu nafni.“

- Er þá í raun um það að ræða að útvíkka starfsemi verkstjórafélaganna og Verkstjórasambandsins frá því sem nú er?

„Að einhverju leiti gæti það orðið. Við myndum þannig fylgja eftir þeim miklu breytingum í þjóðfélaginu sem hafa orðið á undanförunum misserum og árum. Það er þó rétt að ítreka að innan okkar samtaka eru fleiri stjórnendur en verkstjórar, en við höfum hins vegar ekki komið þeim upplýsingum nægilega skýrt á framfæri.

Ég get nefnt í þessu sambandi að við létum kanna hversu þekkt Verkstjórasambandið væri út á við og niðurstaðan af þeirri könnun var okkur ekki nægilega hagstæð. Það kom á daginn að ekki nógu margir þekktu til okkar starfs. Þetta sagði okkur að við þyrftum að leggja meiri áherslu á að fara út í fyrirtækin og kynna okkar og fyrir hvað við stöndum.“

Félagsmenn í VSSÍ á þriðja þúsund

Að sögn Kristjáns Arnar eru starfandi félagsmenn í Verkstjórasambandinu (VSSÍ) ríflega tvö þúsund, en heildararfjöldi félagsmanna í sambandinu er um tvöþúsund og fimmhundruð.

„Helsti styrkur Verkstjórasambandsins er að mínu mati sjúkrasjóðurinn okkar og sú þjónusta sem við



Kristján Örn Jónsson, forseti Verkstjórasambandsins og starfsmaður í framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur.

Helsti styrkur Verkstjórasambandsins er að mínu mati sjúkrasjóðurinn okkar og sú þjónusta sem við veitum félagsmönnum.

veitum félagsmönnum. Það er ekkert mál svo lítið að við látum það okkur óviðkomandi ef til okkar er leitað. Við leggjum mikla áherslu á að tryggja öryggi félagsmanna okkar og afkomu, í viðtækum skilningi þess orðs.

Fjárhagsleg staða sambandsins er traust og hinn félagslegi kraftur innan þess er líka mikill. Ég vil þó ekki segja að okkar félagar séu duglegri en gengur og gerist í félagasamtökum að mæta á fundi, en hins vegar leyfi ég mér að fullyrða að sá verkstjóri er vandfundinn sem ekki er ánægður með að vera félagi í Verkstjórasambandinu. Við höfum enda lagt ríka áherslu á að félagsmenn finni sterkt til þess að um þá og þeirra mál sé hugsað innan okkar sambands.“

Kristján Örn segir að til allra verkstjóraféлага landsins að einu undanskildu greiði félagsmenn ákveðna krónutölu í félagsgjald, sem er mismunandi milli félaga. Í einu félagi greiða félagsmenn 0,7% af launum.

Ólíkur bakgrunnur verkstjóra

Eðli málsins samkvæmt er bakgrunnur verkstjóra afar mismunandi, enda starfa þeir í ólíkum starfsgreinum. „Nei, þetta hefur ekki skapað nein vandamál. Verkstjórafélögin eru öll blönduð – þ.e. verkstjórar iðnaðarmanna og almennir verkstjórar – að einu félagi undanskildu þar sem eru eingöngu iðnlærðir verkstjórar.“

Staða verkstjóra á atvinnumarkaði er um margt nokkuð sérstök. Þeir eru oft og tíðum, ef svo má segja, hlekkurinn milli stjórnenda viðkomandi fyrirtækis og þeirra sem „vinna á gólfinu“. „Í samningum okkar segir skýrt

að verkstjórar séu fulltrúar vinnuveitenda og hafi trúnað gagnvart þeim. Það segir líka í lögum okkar að félagsmönnum er ekki heimilt að taka afstöðu í vinnudeilum, en jafnframt ber okkur að gæta verðmæta á vinnustað komi til vinnustöðvunar. Lendi verkstjóri í erfiðleikum á vinnustað, sem gerist sem betur fer ekki oft, en ef það gerist leita okkar menn liðsinnis skrifstofu sambandsins sem fylgir slíkum málum eftir.”

Gamla ímyndin

- Telurðu að fólk hafi almennt þá mynd af verkstjórum að þeir séu í hvítum sloppum með hatta?

„Já, ég held því miður að alltof margir hafi þá mynd af verkstjórum. Vissulega hefur orðið breyting í þessum efnum, en engu að síður skynja ég stundum að ímynd sumra af verkstjóranum sé eitthvað í þessa veru. Auðvitað á það helst við hjá eldri kynslóðinni sem man gamla tíma. Það er nú reyndar svo að ýmis önnur verkalyðsfélög hafa haft fasta ímynd í huga um störf stjórnenda og staðið nokkuð fast gegn því að verkstjórar vinni verkin með sínu fólki, en ef sú staða kemur upp að við þurfum að taka til hendinni með því fólki sem við erum að stýra, þá viljum við gera það og höfum til þess fulla heimild.

Myndin af verkstjóranum í sloppnum með hattinn er gamli tíminn. Með tölvutækninni hafa orðið miklar breytingar hjá stjórnendum og eru þeir nú í hverskonar utanumhaldi í gegnum tölvur, þó að sjálfsögðu sé það mismunandi mikið eftir atvinnugreinum.“

Kristján Örn er sjálfur lærður

járniðnaðarmaður og vann hér á árum áður í Vélsmiðjunni Prym. Fór síðan að starfa hjá Hitaveitu Reykjavíkur, fljótlega sem flokksstjóri og síðar verkstjóri. Hitaveita Reykjavíkur breyttist síðan í Orkuveitu Reykjavíkur. „Ég hef því lengi haft einhverja stjórnun með höndum. Núna vinn ég í framkvæmdadeild Orkuveitunnar við verkstýringu, sem felst í því að taka við verkefnum og undirbúa þau í hendurnar á verkstjórum sem stýra vinnuflokkum við viðhald á dreifikerfinu úti á mörkinni.“

Formúlan um hvernig á ekki að stjórna!

Kristján Örn segir að seint verði hægt að finna eina rétta formúlu um hvernig verkstjórar eigi að starfa. „Það er þó hægt að segja að það eru til formúlur um hvernig á ekki að stjórna! Sjálfur hef ég farið á mörg námskeið í stjórnun og þar er alltaf unnið út frá ákveðnum grunnatriðum, sem hver og einn verður síðan að þróa með sér þegar út á vinnustaðinn er komið. Það eru engar stjórnunaradferðir öðrum aðferðum réttari, en menn eru þó nokkuð sammála um hvernig eigi alls ekki að stjórna. En það er nú svo að stjórnendur viðkomandi fyrirtækja hafa ákveðna sýn á hvernig hlutirnir eigi að vera og okkar verkstjóranna er síðan að fylgja þeim eftir.“

- Getur ekki oft verið erfitt að vera mitt á milli stjórnenda fyrirtækjanna og fólksins á gólfinu?

„Jú, vissulega getur það oft verið það, sérstaklega þegar einhverjar breytingar eru í farvatninu í fyrirtækjunum og eins ef þarf að flytja fólkinu einhver erfíð tíðindi, það getur oft tekið mjög á. En að sama skapi er alltaf jafn gaman að vinna með fólkinu á gólfinu þegar vel gengur og góður árangur næst. Einnig er það ánægjulegt þegar hægt er að flytja því góð tíðindi,“ segir Kristján Örn Jónsson.



1938-2008

Útgefandi: Athygli ehf. í samvinnu við Verkstjórasamband Íslands.
Efnisvinnsla: Athygli ehf./Óskar Þór Halldórsson
Umbrot: Athygli ehf.
Myndir: Sigurður Bogi Sævarsson, Óskar Þór Halldórsson o.fl.
Auglýsingar: Augljós miðlun ehf.
Prentun: Landsprent
Dreifing: Blaðinu er dreift til áskrifenda Morgunblaðsins 10. apríl 2008 og einnig til félagsmanna í aðildarfélögum Verkstjórasambands Íslands.



Með bílinn handa þér

LAND ROVER DISCOVERY 3

Gerðu enn meira

www.landrover.is



DISCOVERY 3 S Windsor

Windsor staðalbúnaður: 6 prepa sjálfskipting, Terrain Response fjórhjólakerfi, hæðarstillanleg loftpúðarfjöðrun, sjö fullorðinssæti, Hjóðlát TDV6- 189 hestafía díselvél, hiti í fram- og aftursætum, hiti í framrúðu og rúðusprautu, skriðstillir o.fl.

Bíll á mynd: DISCOVERY 3 S Windsor með G4 aukahlutapakka

B8L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200



GO BEYOND

Síldarsöltun eins og í gamla daga

„Ég er búinn að vera verkstjóri hjá Loðnuvinnslunni í ellefu ár. Fyrst og fremst er ég verkstjóri í síldarsöltuninni – flökun og söltun – og loðnufrýstingunni á loðnuvertíðinni,“ segir Grétar Arnþórsson, verkstjóri hjá Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði.

„Sem stendur erum við að flaka saltsíld sem við söltuðum á vertíðinni í haust. Þessi síldarflök fara á markaði í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Kanada. En mest erum að við flaka síldina jafnóðum á vertíðinni og söltum síðan flökin.“

Loðnuvinnslan er sannkölluð lífæð á Fáskrúðsfirði. Fyrirtækið gerir

út tvö skip og rekur bræðslu og frystihús. Í síldar- og loðnuvinnslunni, sem Grétar stýrir, vinna að jafnaði á bilinu 20 til 30 manns.

Í verkstjórn í um tvo áratugi

Grétar segir að ræst hafi úr loðnuvertíðinni. Þegar upp var staðið hafi verið unnin um 800 tonn af loðnuhrognum og um 2000 tonn af öðru.

Á sínum tíma starfaði Grétar hjá Borgey á Hornafirði og einnig hefur hann starfað hjá Pólarsíld á Fáskrúðsfirði. Í það heila segist hann hafa verið verkstjóri í það minnsta tuttugu ár.

En skyldi Grétar telja sig vera

Ég vona að ég hafi þroskast eitthvað á tuttugu árum. Ég er örugglega mýkri í dag en ég var hér á árum áður.



Grétar Arnþórsson, verkstjóri í síldar- og loðnuvinnslu Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði, í hita og þunga dagsins.



Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir fyrir framan Hótel Kea á Akureyri.

Í hótélbókhaldinu

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir starfaði sem veitingastjóri á veitingastaðnum Greifanum á Akureyri í sex til sjö ár og gerðist þá liðsmaður Verkstjórafélags Akureyrar og nágrennis. Núna starfar hún á skrifstofu Keahótelanna á Akureyri.

„Starf veitingastjóra fólst í starfsmannahaldi, setja saman vaktaplön og annast daglegan rekstur,“ sagði Rósfríð, en hún hafði áður stundað nám í viðskiptafræði og vann með námi á Greifanum. Að loknu námi hellti hún sér í veitingastjórnunina.

„Við Sigurbjörn Sveinsson, sem nú er hótélstjóri á Keahótelunum á Akureyri, sameinuðum krafta okkar í veitingastjórnuninni á Greifanum. Hann er fagmenntaður og ég hafði síðan viðskiptafræðina. Þetta fór því ágætlega saman. Við Sigurbjörn skiptum dögnum á milli okkar,“ segir Rósfríð.

Í veitingastjórnuninni sagðist Rósfríð hafa haft það að leiðarljósi að reyna að ná sem bestu út úr hverjum og einum starfsmanni. „Þó maður hafi yfirumsjónina, þá finnst mér mikilvægt að dreifa ábyrgðinni,“ segir Rósfríð, en hún hætti störfum á Greifanum haustið 2006 og tók barnsburðarleyfi. „Ég kom síðan til starfa hjá Keahótelum í maí 2007 og starfa hér á skrifstofunni við uppgjör og bókhald. Þetta er frábrugðið því sem ég fékkst við á Greifanum, en fin tilbreyting.“

Þó svo að Rósfríð hafi skipt um starfsvettvang og sé nú ekki lengur í eiginlegri verkstjórn sagðist hún ekki hafa séð ástæðu til þess að skipta um félag. „Nei, mér fannst ekki ástæða til þess. Ég er ágætlega sátt við Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis og taldi því enga ástæðu til þess að skipta,“ segir Rósfríð.

Leggjum ríka áherslu á forvarnir

- segir Sigurður Ingi Viðarsson, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu VÍS

Sigurður Ingi Viðarsson, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu VÍS, segir flesta atvinnurekendur meðvitaða um skyldur sínar varðandi tryggingamál. Sigurður Ingi segir að VÍS hafi ávallt lagt mikla áherslu á forvarnir og því fari fyrirtækjafulltrúar félagsins vandlega yfir aðstæður og bendi á leiðir til að takmarka líkur á tjónum. Einnig bjóðist viðskiptavinum viðtæk ráðgjöf og aðstoð við að gera forvarnir og öryggismál að meginstöð rekstursins með það að leiðarljósi að takmarka tjón og auka rekstraröryggi.

„Þær tryggingar sem mikilvægast er að verktakar hugi að eru persónu-tryggingar, ábyrgðartryggingar sem og tryggingar á verkinu sjálfu. Hús-bóndaábyrgð rekstraraðila er mjög sterk og það hlýtur alltaf að vera á ábyrgð þess rekstraraðila sem tekur að sér ákveðið verk, eða verkþátt, að hafa tryggingarmál sín í lagi,“ segir Sigurður.

Varðandi persónu-tryggingar segir Sigurður að atvinnurekendur þurfi samkvæmt ákvæðum kjarasamninga að slys-tryggja alla launþega sína. Tryggingin sé samningsbundin en ekki lögbundin og því sé ekki eftirlit með því hvort fyrirtæki kaupi trygginguna fyrir starfsmenn sína.

Að sögn Sigurðar eiga öll fyrirtæki sem eru með rekstur að vera með



Sigurður Ingi Viðarsson, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu VÍS.

ábyrgðartryggingu fyrir rekstur sinni hvort sem þeir vinna sem sjálfstæð fyrirtæki eða undirverktakar hjá stærri fyrirtækjum. Þá segir Sigurður mikilvægt fyrir verkkaupa að huga að því að tryggja framkvæmdirnar á framkvæmdatímanum.

Tryggingarmál vegna vinnuvéla

Varðandi vinnuvélar segir Sigurður að rekstraraðilar með vinnuvélar þurfi

auk almennra trygginga fyrir atvinnurekstur að huga vel að þeirri váttryggingarvernd sem snýr að vinnuvélunum sjálfum og notkun þeirra. Húftrygging vinnuvéla (kaskótrygging) tryggir vinnuvélina sjálfa fyrir þeim tjónum sem hún getur orðið fyrir í rekstri, en frjáls ábyrgðartrygging veitir rekstraraðilanum vernd gegn þeirri skaðabótaskyldu sem á hann getur fallið vegna notkunar á vinnuvélinni.



Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu gólfhitastýringa



Danfoss 75
1933 • 2008

Danfoss hf

Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss stjórnþúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Hanga þínir menn í vinnunni?

- ENDURSKIN, ÖRYGGI, ÞÆGINDI



Dynjandi hefur landsins mesta úrval af fallvarnarbúnaði og sérfróða starfsmenn með mikla reynslu á þessu sviði.

Fallvarnarbúnaður er flóknasta persónuhlífin og kunnátta í notkun hans er bráðnauðsynleg. Þess vegna bjóðum við upp á námskeið í notkun hans.

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is

Ritstýrir Verkstjóranum

Árni Björn Árnason á Akureyri hefur í mörg undanfarin ár ritstýrt Verkstjóranum, sem er málgaðn verkstjórastéttarinnar. Blaðið kemur út einu sinni á ári, nýjasta tölublaðinu var dreift á fyrstu dögum þessa árs. Verkstjórnin var fyrst gefinn út árið 1943, en í nokkur ár varð uppihald á útgáfunni. Og Árni Björn rifjar upp að einmitt þegar einhvern tímann varð hlé á útgáfunni hafi hann gagnrýnt það og talið ófært að bladið kæmi ekki út. „Það er eins og það er að þegar maður rifur kjaft, þá kemur það í bakið á manni. Fyrir vikið var ritstjórn blaðsins sett í mínar hendur og svo hefur verið undanfarin ár,“ segir Árni Björn og hlær, en ritstjórn Verkstjórans skipa félagsmenn í Verkstjórastéttinni Akureyrar og nágrennis og svo hefur verið síðan 1985. Árni hefur auk þess að ritstýra Verkstjóranum lagt gjörva hönd á plóg á félagsmálum verkstjóra. Í tuttugu ár var hann varamaður í stjórn Verkstjórastéttarinnar, meðstjórnandi, varaforseti og síðast forseti sambandsins.

Andlit verkstjórastéttarinnar

„Verkstjórnin er fyrst og fremst málgaðn Verkstjórastéttarinnar og þar er fjallað um kjör verkstjóra, aðbúnað og hollustuhætti og verkstjórnina sem slíka. Annað hvert ár er haldið þing Verkstjórastéttarinnar og hitt árið er svokallaður landsfundur, þar sem sitja mun færri fulltrúar. Í blaðinu eru birtar ítarlegar fréttir frá þingunum og landsfundunum og síðan eru birtar greinar um fyrirtæki og ýmislegt annað tilfallandi,“ segir Árni Björn og bætir við að því miður séu félagsmenn í verkstjórastéttinni ekki duglegir að setjast við tölvuna og skrifa í bladið. „Nei, það gengur sannast sagna alveg skelfilega að fá menn til þess að skrifa. Menn segja stundum í gríni að ég skrifi bladið



Forsíða nýjsta tölublaðs Verkstjórans.

einn, en það er sem betur fer ekki svo. Hins vegar þurfa verkstjórar að vera miklu duglegri að skrifa í þetta blað og sannast sagna hef ég þurft að skrifa jafn mikið í bladið og raun ber vitni til þess að það komi hreinlega út. Það er að mínu mati mikilvægt að þetta blað komi reglulega út, það gerir verkstjórastéttina sýnilega,“ segir Árni Björn, en bladið er prentað í tæplega 4.000 eintökum og er dreift til allra verkstjóra á landinu, auk þess sem því er dreift til fyrirtækja.

Síður en svo verkefnalaus

Árni Björn starfaði í Slippstöðinni á Akureyri í fjörutíu ár, fyrst í vélvirkjadeildinni en síðustu tuttugu og fimm árin sem verk- og verkefnastjóri. „Ég hætti árið 2004 í Slippnum, en hef eftir það verið í tímabundnum verkefnum annars staðar. Til dæmis var ég á Grundartanga í fjóra mánuði árið 2005, á Siglufirði var ég í fjóra mánuði hjá JE-vélaverkstæði og síðan var ég sl. haust um tíma aftur að vinna í Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Ég hef verið beðinn



Árni Björn Árnason, ritstjóri Verkstjórans.

Verkstjórar þurfa að vera miklu duglegri að skrifa í þetta blað og sannast sagna hef ég þurft að skrifa jafn mikið í bladið og raun ber vitni til þess að það komi hreinlega út.

að taka þessi verkefni að mér og ég hef haft gaman af því. Ég er reyndar orðinn 72 ára gamall, en aldurinn er ekki aðalatriðið. Það sem skiptir máli

að heilsan sé í lagi og sannast sagna hef ég aldrei verið heilsuhraustari,“ segir Árni Björn. Hann segist síður en svo vera verkefnalaus, burt séð frá

ritstjórn Verkstjórans, því löngum stundum hefur hann setið við tölvuna að undanföruna og unnið efni fyrir vefsíðu sem hann opnaði nýverið á slóðinni www.aba.is, en þar fjallar Árni Björn um eyfirska báta og sögu bátasmíði við Eyjafjörð. Á vefsíðunni er mikill fróðleikur samankominn og auglýsir Árni Björn eftir ábendingum og viðbótarupplýsingum frá þeim sem skoða síðuna.

Úr kenngslunni í útgerðina

Gunnlaugur Árnason er útgerðarmaður í Stykkishólmi og gerir út Bíldsey SH 65, sem er fimmtán tonna bátur innan krókakerfisins. Gunnlaugur hefur verið í Verkstjórastéttinni



Gunnlaugur Árnason, útgerðarmaður í Stykkishólmi.

Mynd: Morgunblaðið.

félagi Snæfellsness í hálfan annan áratug. Hér á árum áður var hann kennari og starfaði lengi við kennslu og þá var hann í Kennrasambandinu. Þegar hann síðan færði sig yfir í útgerðina „vildi enginn hafa mig nema Verkstjórastéttinni,“ eins og hann orðar það. „Með þátttöku í Verkstjórastéttinni á ég aðgang að mjög sterkum og góðum sjúkrahjúðum og það finnst mér gríðarlega mikils virði auk þess sem þetta er góður félagskapur,“ segir Gunnlaugur Árnason.

Gengur á ýmsu

„Það gengur á ýmsu í útgerðinni núna eins og raunar hefur alltaf verið. Ég hef verið í útgerð í átján ár og hef á þeim tíma alltaf verið að vonast til að sú staða kæmi upp að maður vissi hvað biði manns frá degi til dags, ef svo má að orði komast. Því miður hefur það ekki gerst ennþá,“ segir Gunnlaugur. Bíldsey SH 65 er línubátur sem er gerður út á bolfisk, en áður hafði Gunnlaugur gert út báta á

bæði skelfisk og rækju. Sem kunnugt er varð hrun í skelfiskinum í Breiðafirði og þá var sjálfhætt í skelinni og sömuleiðis er rækjuveiðin við Ísland í dag ekki nema brot af því sem hún var hér á árum áður.

Miklar breytingar í atvinnulífinu

„Hér voru á tímabili þrjár skelvinnsulur, hver þeirra með um 30 manns í vinnu og allt að sjö bátar sem voru gerðir út á skel. Það var því mikill skellur fyrir byggðarlagið þegar skelfiskeveiðarnar lögðust af,“ segir Gunnlaugur.

Fiskgengd á Breiðafirði hefur verið með besta móti, að sögn Gunnlaugs, og því upplifa sjómenn á þessum slóðum ekki þann samdrátt í þorskveiði sem Hafrannsóknastofnunin mælir og byggir niðurskurðinn í þorskaflaheimildum á. Og þorskurinn í Breiðafirði er þar að auki vel á sig kominn í vetur, að sögn Gunnlaugs.

Alltaf unnið með góðu fólki

Í Verkstjórastéttinni Hafnarfjarðar, sem var stofnað 6 desember 1940, eru um 170 félagsmenn og þeim hefur hægt og bitandi verið að fjölga á liðnum árum. Steindór Gunnarsson, formaður félagsins, segir það vera fjárhagslega sterkt. Verkstjórastéttinni á tvö orlofshús, annað í Úthlíð í Biskups-tungum og hitt á Flúðum í Hrunamannahreppi, sem eru vel nýtt af félagsmönnum. Félagsmenn eru úr öllum stjórnunarstörfum í samfélaginu og einnig eru þó nokkrir einyrkjar.

„Það sem ég tel að sé eitt af stærstu málum verkstjórastéttarinnar í dag eru

menntunarmálin og einnig er mikilvægt að fá menn í stjórnunarstörfum í auknum mæli í okkar félög. Varðandi menntunarmálin hefur verið unnið að því að byggja upp menntunarsjóð innan Verkstjórastéttarinnar og við höfum verið að auka greiðslur úr honum til manna sem vilja mennta sig. Ég tel að öll menntun verkstjóra, hvort sem um er að ræða tungumál, tölvunám, stjórnun eða hvað sem er, nýtist þeim mjög vel og styrki menn í starfi,“ segir Steindór.



Steindór Gunnarsson er varaforseti VSSÍ og formaður Verkstjórastéttarinnar Hafnarfjarðar og starfar sem sölu- og markaðsstjóri hjá Icelandic Group.

Í sölu- og markaðsstjórn hjá Icelandic Group

Steindór starfar nú hjá Icelandic Group, þar sem hann er sölu- og markaðsstjóri. „Ég starfa ekki lengur sem verkstjóri, en það má hins vegar segja að ég fylgist með verkstjórum í sjávarútvegsfyrirtækjum um allt land. Ég fer oft í heimsókn út í fyrirtækin og einnig til kaupenda erlendis,“ segir Steindór. Hann segist hafa byrjað að starfa sem verkstjóri fjórtán ára gamall, fyrir fjörutíu árum. „Ég hætti á sínum tíma í skóla til þess að gerast verkstjóri hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Ég sá síðan átján ára gamall að ég yrði að læra meira og stóð ásamt öðrum að stofnun Námsflokka Hafnarfjarðar. Kláraði í framhaldinu gagnfræðapróf með vinnu. Vann á daginn og var í skólanum á kvöldið. Næst lá leiðin út á land þar sem ég var verkstjóri í fiskvinnslu. Fyrst fór ég vestur á Bíldudal og þaðan lá leiðin til Norðfjarðar þar sem ég var verkstjóri í fjögur ár. Því næst fór ég á Skagann þar sem ég var önnur fjögur ár. Að þeim árum loknum fór ég til Reykjavíkur og varð verkstjóri í Hraðfrystistöðinni í Reykjavík, sem síðan sameinaðist Granda. Hjá því fyrirtæki starfaði ég í sextán ár. Síðan var ég framkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Þorlákshafnar og starfaði hjá SH, sem síðar varð Icelandic Group,“ segir Steindór Gunnarsson.

VERTU Á EIGIN VEGUM

170 hestöfl, sjálfskiptur og með fullkomið fjórhjóladrif



Filten/SIA



2WD



4WD



LÆSING

Aftengjanlegt fjórhjóladrif



Komdu og prófaðu nýjan og glæsilegan Mitsubishi Outlander. Hann fæst bæði sjálfskiptur og beinskiptur og státar af fullkomnum drifbúnaði, stöðugleikastýringu og rúmgóðu farangursrými. 170 hestafla vél tryggir að aksturinn er alltaf skemmtilegur - eins og verðið.

Til afgreiðslu strax!



Hönnun atvinnuhúsnæðis: Í mörg horn að líta

„Nú er það svo að þegar verið er að hanna nýtt atvinnuhúsnæði ber að uppfylla kröfur Vinnueftirlitsins varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsmanna. Oft er ekki nægi-lega vel hugað að ýmsum atriðum s.s.

Í meira en fjóra áratugi á Vellinum

Brynjarr Pétursson í Sandgerði var lengi í framvarðasveit verkstjóra á Suðurnesjum. Hann var formaður Verkstjórafélags Suðurnesja í á þriðja áratug og sat sömuleiðis í stjórn Verkstjórásambandsins á árunum 1981 til 1999. Bróðurpart sinnar starfsævi starfaði Brynjarr á Keflavíkurflugvelli, fyrst og fremst hjá Varnarliðinu.

Ein allsherjar umferðarmiðstöð
„Ég hóf störf hjá Sameinuðum verk-tökum árið 1954. Síðan gerðist það að vinstri stjórn tók við og hún hafði á stefnuskránni að bandaríski herinn færi. Samdráttur varð í starfseminni á Vellinum og mér ásamt mörgum öðrum var sagt upp störfum um ára-mótin 1956-1957. Ég fór á loðnu í nokkra mánuði, en var síðan ráðinn aftur vorið 1957 og starfaði óslitið á Keflavíkurflugvelli til ársins 1998 þegar ég hætti sökum aldurs. Í það heila starfaði ég í fjórutíu og eitt ár hjá Varnarliðinu, bílstjóri til að byrja með en síðan vakt- og verkstjóri.“
Brynjarr var verkstjóri á Bifreiða-miðstöð Varnarliðsins á Keflavíkur-flugvelli, sem í senn var afgreiðslustöð og verkstæði. „Þessi starfsemi var deildaskipt og ég var verkstjóri yfir hluta af henni. Í minni deild störfuðu



Brynjarr Pétursson starfaði á fimmta áratug hjá Varnarliðinu á Keflavíkur-flugvelli.

á bilinu 20 til 30 manns. Meðal þess sem við önnuðumst voru strætis-vagnaferðir innan svæðis Varnarliðs-ins, en einnig voru ferðir út í Rock-ville, til Grindavíkur og Reykjavíkur. Við vorum líka með það sem við kölluðum „Taxikeyrsla“ á fólksbílum og m.a. fórum við með sjúklinga til Reykjavíkur í viðtöl. Það má því segja að þetta hafi verið ein allsherjar um-ferðarmiðstöð,“ segir Brynjarr.

Miklar breytingar í atvinnumálum
Sem kunnugt er er Varnarliðið horfið af landi brott og mörg húsanna á Vellinum hafa fengið nýtt hlutverk. „Það er í raun ótrúlegt hversu snöggð það gerðist að Varnarliðið fór. Hins vegar mátti við þessu búast og menn voru farnir að tala um að þetta kynni að gerast áður en ég hætti á Vellin-um. Engu að síður áttu fáir von á því að þetta myndi gerast svo snögglega. Vissulega var þetta mikið högg í at-vinnumálum hér á Suðurnesjum, en þó rættist betur úr þessu en búast mátti við
Ég hef komið á vallarsvæðið og kynnt mér þá starfsemi sem þar er núna. Þarna er heilmikið í gangi og margar leiguíbúðirnar eru mjög vel heppnaðar. Þetta er enn ein breyting-in í atvinnumálum hér á Suðurnesj-um, en óhætt er að segja að miklar sveiflur hafi verið í atvinnumálum á þessu svæði á liðnum áratugum. Fyrir stríðið voru rólegheita sjávarpláss á Suðurnesjum, sem byggðu nær ein-göngu á sjósókn. Það urðu síðan miklar breytingar á stríðsárunum og síðan eftir að Varnarliðið setti sig niður á Keflavíkurflugvelli,“ segir Brynjarr Pétursson.



Sigfús Jón Sigurðsson, fagstjóri byggingarmála í þróunar- og eftirlitsdeild Vinnueftirlitsins.

loftræstingu í atvinnuhúsnæði og síð-an hefur aukist að útveggir skrifstofu-bygginga séu úr gleri og þá þarf að huga vel að sólarvörnum og að loft-ræsta viðkomandi rými,“ segir Sigfús Jón Sigurðsson, fagstjóri byggingar-mála í þróunar- og eftirlitsdeild Vinnueftirlitsins, en hann hefur m.a. með höndum umsagnir með hönnun nýbygginga.
„Þegar verið er að byggja stórar verksmiðjur eins og álver þarf margt að athuga. Nefna má mengunarmörk fyrir starfsmenn, hávaðamörk og fleira. Atriðin sem þarf að huga að eru sem sagt fjölmörg, allt eftir því um hverskonar starfsemi er að ræða. Á hönnunarstigi atvinnuhúsnæðis þarf að huga vel að starfsmannarými, en þar er m.a. átt við kaffi- og mat-stofur, búnings- og fataaðstöðu, sal-erni fyrir starfsmenn, þvottaaðstöðu, sturtur o.fl,“ segir Sigfús.
Öryggi á byggingarvinnustað – fallslys enn of algeng
Á byggingarvinnustað ber að uppfylla

og fara eftir ýmsum reglugerðum og eftirlitshlutinn er á hendi Vinnueftir-litsins. Sigfús segir að bróðurpartur þessara reglna komi frá Evrópusam-bandinu, en lítið hafi verið um það á síðustu árum að löggjafinn hér hafi sett sér íslenskar reglur um aðbúnað og öryggi á byggingarvinnustöðum. „Þessar reglur snúa fyrst og fremst að öryggi á byggingarvinnustöðum. Sér reglur eru t.d. um vinnupalla, notkun tækja og persónuhlífar. Einnig má nefna reglur frá 2006 sem taka til öryggis starfsmanna sem vinna í hæð. Þá er fylgt eftir að öryggis- og heil-brigðisáætlanir á byggingarvinnustöð-um séu gerðar og skipaður sé sam-ræmingaraðili á byggingarvinnustað þegar það á við. Síðan ná nýjar reglur um áhættumat inn á byggingarvinnu-staðina,“ segir Sigfús og bætir við að almennt gangi nokkuð vel að fá bygg-ingarverktakana til þess að fylgja þeim öryggisstöðlum og –reglum sem í gildi eru á hverjum tíma. Hins vegar sé of mikið um slys í byggingariðn-aði, t.d. séu fallslys of algeng.



↓

Er spilling í þínu fyrirtæki?

Fyrirtækjum ber að skila spilliefnum.
Við leggjum til heppileg ílát til söfnunar og sækjum ef óskað er. Móttökustöð okkar í Gufunesi er opin virka daga frá 7.30-16.15.



Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Við sækjum!

S. 520 2220 www.efnamottakan.is

PIPAB • SJA • 80734



Dæmi um spilliefni:	
Úrgangsolía	
Smurolía	
Olíusúr	
Rafgeymar	
Málningarafgangar	
Leysiefni	
Hreinsiefni	
Slökkvitæki	
Rafhlöður	



Rúnar Ágústsson, sölustjóri hjá 66°Norður.

66°Norður hefur framleitt sjó- og vinnufatnað frá árinu 1926 og hefur því yfir 80 ára reynslu á þessu sviði. Sem fyrr býður fyrirtækið upp á breiða línu af vinnufatnaði og þjónustar fjöldan allan af fyrirtækjum, bæði stór og smá, um allt land. „Sjófatnaðurinn okkar er þekktur fyrir gæði og er hann með sterka stöðu á markaðnum. En sjófatnaðurinn er langt frá því að vera það eina sem við bjóðum upp á. Við leggjum mikið upp úr því að þjónusta verktaka, kjöt- og mjólkuriðnaðinn auk þess sem við seljum mikið af fatnaði til heilbrigðisstofnana um land allt. Þá sérsaumum við fatnað fyrir lögregluna, slökkviliðið og Slysavarnarfélag-

ið Landsbjörgu svo eitthvað sé nefnt“, segir Rúnar Ágústsson, sölustjóri hjá 66°Norður.

Aukin þjónusta með sérmerkingar

Rúnar segir að 66°Norður selji mikið af sérmerktum fatnaði til fyrirtækja. „Við erum með merkingadeild, þar sem við bæði silkiprentum og transfermerkjum fatnað auk þess sem við erum stærstir í ísaumi á landinu. 66°Norður keypti nýverið fyrirtækið Grafíksaum, sem sérhæfir sig í ísaumi og hafa þessi kaup gert það að verkum að nú getum við mjög auðveldlega orðið við öllum óskum viðskiptavina okkar um merkingar á fatnaði,“

segir Rúnar Ágústsson, sölustjóri hjá 66°Norður.

Rúnar segir að 66°Norður sé með samninga við stór íslensk fyrirtæki um kaup á vinnufatnaði. Hann nefnir í því sambandi Ístak, Íslenska aðalaverktaka og Eimskip. „Nú sem fyrr leggjum við mikla áherslu á gæði fatnaðarins. Það hefur orðið gríðarlega mikil þróun í framleiðslunni okkar á þessum 80 árum sem við höfum starfað og er þessi þróun ekki eingöngu í fatnaðinum sjálfum heldur einnig í efnum og sniðum svo eitthvað sé nefnt. Við höfum allt frá upphafi unnið náið með þeim sem nota fatnaðinn og nýtum upplýsingar frá viðskiptavinum okkar í áfram-

Leggjum sem fyrr áherslu á gæðin

- segir Rúnar Ágústsson, sölustjóri hjá 66°Norður

haldandi þróun og hönnun fatnaðarins“.

EN öryggisstaðlar

Varðandi yfirhafnir, svo sem regnfatnað, jakka, buxur og samfestinga, segir Rúnar að Vinnueftirlitið leggi í auknum mæli áherslu á að þær séu vottaðar með svokölluðum EN-staðli. „Þetta á til dæmis við um sýnileika starfsmanna inni á vinnusvæðum, úti í umferðinni o.s.frv. Við höfum lagað okkar að þessum auknu kröfum og erum með sérstaka fatalínu sem uppfyllir EN-471 staðalinn. Nýjasta viðbótin við þessa línu frá okkur er smíðavesti sem uppfyllir EN-471 staðalinn og er að koma á markaðinn,“ segir Rúnar.

Opna vinnufataverslun á Akureyri

Ekki er langt síðan 66°Norður opnaði vinnufataverslun í Miðhrauni 11 í Garðabæ við hlið útivistarverslunar-

innar. „Þangað koma þeir viðskiptavinir okkar sem eru í fyrirtækjaþjónustu. Auk þess erum við einnig með vinnufataverslun í Faxafeni 12 í Reykjavík þar sem við þjónustum aðila með fatnað sem búið er að formerkja fyrirtækjum. Í júní næstkomandi er svo ætlunin að opna nýja útivistarverslun 66°Norður á Glerártorgi á Akureyri. Í kjölfarið munum við opna vinnufataverslun í rýminu við Glerárgötu 32, þar sem verslunin okkar á Akureyri er í dag. Með því að opna sérstaka vinnufataverslun á Akureyri mun þjónusta okkar við fyrirtæki á Norður- og Austurlandi verða enn betri,“ segir Rúnar.

Rúnar segir að auk eigin framleiðslu vinni 66°Norður náið með birgjum sem bjóða gæðavörur í vinnufatnaði. „Ég get nefnt að við erum með stígvél frá Dunlop, MTS öryggisskó auk þess sem við vorum að taka inn Diadora öryggisskó,“ segir Rúnar Ágústsson.



FAGFÓLK VELUR WÜRTH



Við komum í heimsókn til þín og spörum þér tíma og peninga

Yfir 20 sölumenn Würth eru á ferðinni daglega til að þjónusta viðskiptavini í almennum iðnaði. Með útibúum í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri ásamt verslun og eigin útkeyrslu frá Vesturhrauni 5, Garðabæ þjónum við viðskiptavinum okkar dyggilega. Heimsóknir okkar eru skipulagðar með vikulegu til mánaðarlegu millibili um allt Ísland.

Við undirbúum hverja heimsókn með tilliti til helstu söluvöru ásamt kynningu á vöruhópum eins og efnavöru, slípi- og skurðarverkfærum, persónuhlífum, rafmagnsvörum, festingum eða verkfærum. Í hverri heimsókn einbeitum við okkur að heildarlausn fyrir hvern vöruhóp, auk þess að fara yfir helstu söluvörur.



Við erum með á lager u.þ.b. 8.000 helstu vörunúmer sem eru seld hjá Würth fyrirtækjunum. Til að nálgast viðskiptavini okkar vinnum við undir merkjum þess að "Fagfólk velur Würth" og teljum okkur bjóða góðan kost með einstakri þjónustu og faglegum lausnum í hverjum vöruhóp.



PIPAR • SÍA • 00007

Würth: Reykjavík · Garðabær · Kópavogur · Akureyri · Sími 530 2000 · www.wurth.is

Tæplega 700 félagsmenn

- í stærsta og elsta verkstjórafélagi landsins

„Ég er búinn að vera formaður í Verkstjórafélagi Reykjavíkur í sex ár. Þetta er sterkt félag, bæði fjárhagslega og félagslega. Félagið er stærsta verkstjórafélag landsins með líklega nálgægt fjórðungi af heildarfjölda félagsmanna innan Verkstjórásambandsins. Um síðustu áramót voru rétt um 690 manns skráðir félagsmenn í Verkstjórafélaginu, þar af eru rúmlega 500 sem eru greiðandi félagsmenn,“ segir Skúli Sigurðsson, formaður Verkstjórafélags Reykjavíkur.

Sterk eignastaða

„Eignastaða okkar er ágætlega sterk. Við eigum húsnæði í Skipholti og einnig fjóra sumarbústaði, sem eru gríðarlega mikið notaðir. Það hefur verið tekin ákvörðun um að skipta út elsta sumarhúsinu og fá nýtt í staðinn. Það hús verði komið upp fyrir 90 ára afmæli félagsins á næsta ári,“ segir Skúli. Tvö húsanna eru í Skorradal og hin tvö í Vaðnesi. „Einnig erum við með á leigu íbúð á Spáni sem við endurleigjum okkar félagsmönnum og hefur reynst afar vinsæll kostur. Við höfum leigt þetta hús í 25 til 30 vikur á ári.“

Af annarri starfsemi hjá Verkstjórafélagi Reykjavíkur nefnir Skúli ýmiskonar þjónustu við félagsmenn. „Við rekum skrifstofu í Skipholtinu og þar erum við með tvo starfsmenn, annan í 50% starfi og hinn í 70% starfi. Starfsmenn svara spurningum félagsmanna um t.d. launa- og kjaramál og síðan erum við að styrkja okkar félagsmenn á ýmsan hátt. Ég get nefnt íþrótt- og tómstundastyrki, styrki til kaupa á gleraugum o.fl. Annað hvert ár erum við með sumarferð og í vor er ætlunin að fara í ferð um Suðurlandsundirlendið. Síðan erum við með opið hús þar sem við veitum félagsmönnum upplýsingar um ýmis mál sem eru efst á baugi, eins og t.d. lífeyrismál og önnur mál sem eru í farvatninu, t.d. lífeyrismál og mál sem snerta ábyrgð verkstjóra.“

Mikil fjölgun félagsmanna frá áramótum

Á ári hverju hafa verið teknir inn á bilinu 30 til 40 nýir félagar, en heildarfjölgun félaga á ári hefur verið á bilinu 5-7 síðustu árin. „Við höfum verið að kynna félagið með auglýsingum í fjölmiðlum og reynt þannig að vekja athygli stjórnenda á því fyrir hvað við stöndum. Frá áramótum hefur verið mikil fjölgun félagsmanna hjá okkur – á bilinu 20-30 manns. Við erum ekki bara með eiginlega verkstjóra innan okkar raða. Í okkar félagi eru stjórnendur sem hafa með einhverskonar stýringu að gera.

Þetta er sterkt félag, bæði fjárhagslega og félagslega.

Margir þeirra hafa ekki mannaforráð, en eru með stýringu á ákveðnum verkefnum. Sömuleiðis eru einyrkjar í okkar félagi.“

Skúli er starfandi verkstjóri hjá Olíudreifingu og er hans verkefni fólgið í því að stýra framkvæmdasviði félagsins, þ.m.t. uppbyggingu á bensinstöðvum og smurstöðvum og ýmsum búnaði.



Skúli Sigurðsson, formaður Verkstjórafélags Reykjavíkur og verkstjóri hjá Olíudreifingu.

Öryggiseftirlit í byggingariðnaði:

Verkefni sem aldrei lýkur

„Eftirlitið felst í því að framfylgja vinnuverndarlögum. Öryggismálin eru þar efst á blaði og síðan aðbúnaður og hollusta. Því miður er fátítt að

við gerum skýrslu án athugasemda, en mér virðist sem það séu frekar minni fyrirtækin í byggingariðnaðinum sem þurfa að taka sig á í öryggis-

málunum. Eftir því sem fyrirtækið er stærra verður innra eftirlit þeirra virkara,“ segir Gróa H. Ágústsdóttir, sem er eftirlitsmaður Vinnueftirlitsins

Algengustu slysin eru fallslys, m.a. fall úr lausum tröppum og stigum og meiðslin sem menn verða fyrir í þeim eru af ýmsum toga.



Gróa H. Ágústsdóttir, eftirlitsmaður í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu.

með byggingariðnaðinum og tímaþundinni mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirtæki þurfa að taka sig á í fallvörnum

Gróa segir að það sem fyrirtæki þurfi almennt að bæta hjá sér í byggingariðnaðinum séu fallvarnir. „Síðan eru það persónuhlífarar. Ég get nefnt sem dæmi í þessum efnum að of mörg dæmi eru um að þegar taka þarf niður fallvarnir, flytja til efni eða vinna á þökum þar sem ekki eru vinnupallar, þá séu menn ekki með öryggislínu. Það er líka til að menn bregði öryggislínu um mittið á sér, sem er falskt öryggi, því maður sem er með slíka öryggislínu myndi að líkindum hryggbrotna ef hann félli. Algengustu slysin eru fallslys, m.a. fall úr lausum tröppum og stigum og meiðslin sem menn verða fyrir í þeim eru af ýmsum toga. Ljótustu meiðslin eru þegar menn falla ofan á steypustyrktarjárn. Það á auðvitað aldrei að gerast, en því miður er alltaf eitthvað um þessi slys.“

Almennt gott samstarf við Vinnueftirlitið

Gróa segir að því miður megi rekja alltaf mörg slys til gleymsku eða kæruleysis. Í mörgum tilfellum finnst mönnum ekki taka því að setja upp fallvarnir eða persónuhlífar í tilfallandi minniháttar verkum. Þetta sé í raun það sama og þegar fólk spennir ekki beltin í bílnum vegna þess að ætlunin sé að fara örstutt og það taki því hreinlega ekki að spenna beltin.

Gróa segir að eftirlit með öryggismálum á byggingarstað sé eilífðar verkefni. Vinnustaðurinn taki breytingum frá degi til dags. „Hugsun manna sem eiga öðrum fremur að sjá til þess að þessi öryggismál séu í lagi verður að vera sú að þessu verkefni ljúki aldrei, þetta er eilífðarverkefni,“ segir Gróa. Hún segir að almennt eigi eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins mjög gott samstarf við stjórnendur byggingafyrirtækja, enda sé það og eigi að vera sameiginlegt hagsmunamál að hafa öryggismálin í lagi.

Vélvirki í tæpa hálfa öld

„Það eru um 90 manns í félaginu og félagatalan hefur verið á þessu róli nokkuð lengi,“ segir Borgþór Eydal Pálsson, formaður Verkstjórafélags Vestmannaeyja, en hann var um árabíl verkstjóri hjá Skipalyftunni, en hefur nú látið af því starfi.

„Félagsmenn í Verkstjórafélaginu hér í Eyjum eru í hinum ýmsu greinum. Margir starfa auðvitað í fiskvinnslunni, en síðan eru þeir í ólíkum störfum. „Í okkar röðum eru líka tæknifræðingar og útgerðarstjórar hafa sömuleiðis verið í okkar félagi. Félagsmenn koma því úr ýmsum áttum,“ segir Borgþór.

Skipum og bátum hefur fækkað

Borgþór lærði vélvirkun fyrir 49 árum. Hann var verkstjóri í Skipalyftunni í sextán ár og flokksstjóri í mörg ár þar á undan hjá Völundi, því fyrirtæki sem Skipalyftan var síðan stofnuð upp úr. Til sjós var hann vélstjóri í sjó og hálft ár.

„Ég var fyrst og fremst verkstjóri yfir vélvirkjunum í öllu sem viðkemur vélum. Við vorum í almennu viðhaldi á skipum og bátum, öxuldrætti, að setja niður vélar og margt fleira. Hér á árum áður var töluvert umleikis í þessu og í þá daga unnu um 80 manns hjá fyrirtækinu. Bátunum og



Borgþór Eydal Pálsson, formaður Verkstjórafélags Vestmannaeyja.

Mynd: Óskar P. Friðriksson.

skipunum hefur fækkað mjög á undanfórnum árum og um leið hefur umfang þessarar þjónustu minnkað. Til samanburðar starfa 25-30 manns hjá Skipalyftunni. Við erum með þjónustu við útgerðirnar, fiskimjölsverksmiðjurnar og frystihúsin. Einnig tökum við að okkur ýmis verkefni sem til falla í kringum byggingariðnaðinn,“ segir Borgþór.

Hann segir að óneitanlega geti

starf verkstjóra verið erilsamt. „Jú, vissulega getur það verið erilsamt. Hér á árum áður, þegar skipin voru fleiri, fékk maður ansi margar hringingar á hverjum sólarhring.“

Sterkur sjúkrasjóður

Borgþór segist telja að Verkstjórafélag Vestmannaeyja standi ágætlega. „Ég veit ekki hvort við eigum að segja að við séum sterkt félag, en helsti styrkur

okkar tel ég að felist í sjúkrasjóðnum innan Verkstjórásambandsins. Hann er gríðarlega sterkur og mikilvægt fyrir félagsmenn að eiga slíkan bakhjarl. Okkar séreign í Verkstjórarélagi Vestmannaeyja er hins vegar sumarbústaður á Flúðum.“

Auk formennsku í Verkstjórafélaginu í Eyjum situr Borgþór í sambandsstjórn Verkstjórásambandsins.

Öflugt starf fyrir austan

Verkstjórafélag Austurlands er afar öflugt félag. Það segir sína sögu að í því eru um 350 félagsmenn. Að vísu er starfssvæðið bærilega stórt, eða frá Hornafirði í suðri til Bakkafjarðar í norðri, en engu að síður er óhætt að segja að félagið sé óvenju fjölmennt og öflugt á landsvísu, raunar er það næstfjölmennasta verkstjórafélag landsins á eftir Verkstjórafélagi Reykjavíkur. Félagið er með starfsmann, Sigurbjörgu Hjaltadóttur, á Reyðarfirði.

Gefa reglulega út fréttabréf

Benedikt Jóhannsson, útgerðarstjóri Eskju á Eskifirði, er formaður Verkstjórafélags Austurlands. Hann segir að félagið standi traustum fótum. „Við leggjum áherslu á að upplýsa félagsmenn vel um það sem er í gangi á hverjum tíma með útgáfu á fréttabréfi sem við sendum félagsmönnum yfirleitt fjórum sinnum á ári. Þar komum við á framfæri upplýsingum varðandi kjaramál, orlofsíðubúðir og fleira,“ segir Benedikt, en félagið á tver orlofsíðubúðir í Reykjavík og eina á Akureyri.

Öflugt starf Egils heitins Jónassonar

Benedikt segir að mikinn fjölda félagsmanna í Verkstjórafélagi Austur-



Benedikt Jóhannsson, formaður Verkstjórafélags Austurlands.

lands megi ekki síst þakka miklu starfi forvera síns, Egils heitins Jónassonar. „Egill var gífurlega ötull að fá menn inn í félagið. Hann fór á vinnustaði og kynnti félagið og uppskar eins og hann sáði,“ segir Benedikt og bætir við að í félaginu sé einnig töluverður fjöldi svokallaðra einyrkja.

Benedikt starfar nú sem útgerðarstjóri Eskju, en áður var hann til marga ára verkstjóri í fiskvinnslu fyrirtækisins og síðar framleiðslustjóri. Í Verkstjórafélag Austurlands gekk Benedikt undir lok áttunda áratugarins.



Guðmundur Már Ragnarsson starfsmaður SérEfni.

Byltingarkennd lausn við spörtlun

Fyrirtækið SérEfni ehf. hefur umboð hér á landi fyrir og tekið í sölu kanadísk sparlteki af gerðinni Northstar Tool. Einnig sér SérEfni um þjónustu á tækjunum. „Það er gaman að geta sagt frá því að viðskiptavinir sem hafa prófað þessa tækni segja hana byltingarkennda og afköstin hafi stóraukist, eða allt að sjöföldun á vinnuhraða. Jafnframt því verður áferðin mun betri og verulegur sparnaður sé vegna minna spartls. Þá er mun minna ryk vegna þess hversu lítið þarf að pússa. Þá er vert að nefna að við bjóðum sérhannað sparl frá Nordsjö, sem heitir Kombi Variant og það virkar

betur í þessi sparlteki en nokkurt annað sparl sem við höfum prófað,“ segir Guðmundur Már Ragnarsson hjá SérEfni. Allar upplýsingar um þessa Northstar Tool tækni, þar á meðal myndband, er að finna á www.northstartool.com eða hjá SérEfni. SérEfni selur allar tegundir úti- og innimálningar frá Nordsjö, en þessi málning hefur verið á markaði hér á landi í hálfa öld og er þekkt fyrir einstök gæði, en auk þess selur SérEfni International skipa- og iðnaðarmálningu, smábáta- og eldvarnarmálningu ásamt miklu úrvali af málningarverkfærum.



Ef þú sækist eftir alvöru gæðum eru **JANUS** ullarfötin það sem þú þarft. Hlý, þægileg og henta við allar aðstæður. Verið velkomin í verslanir okkar og skoðið úrvalið!

Janusbúðin

Barónsstíg 3
101 Reykjavík
s. 552-7499
janusbudin@simnet.is

Amaróhúsinu
Hafnarstræti 99-101
600 Akureyri
s. 461-3006
www.janusbudin.is

Óhemju mikið að gera!

Jóhannes Hreggviðsson er flokksstjóri hjá Þorgeir og Ellert á Akranesi og hefur verið félagi í Verkstjórafélagi Akraness í um tvö ár. Síðasta árið hefur hann verið gjaldkeri félagsins. Jóhannes var árum saman til sjós, en í tæpan áratug hefur hann starfað hjá Þorgeiri og Ellerti.

Sjómaður í 29 ár

„Sem flokksstjóri stjórna ég stundum ákveðnum verkum og hef þannig mannaforráð. Ætli ég sé ekki búinn að vera í þessu í ein átta til níu ár,“ segir Jóhannes, sem er menntaður rafsudumaður. „Áður var ég til sjós frá 17 ára til 29 ára aldurs. Fór síðan að læra rafsúðu og var fjögur ár í landi. Fór síðan aftur á sjóinn og var þar í það heila í 29 ár. Eftir þennan langa tíma á sjó kann ég mjög vel við mig í landi, en engu að síður keypti ég mér trillu með hinum flokks- og verkstjórunum í Þ & E!“ segir Jóhannes og hlær dátt.

Mikið að gera

Hér á árum áður var Þorgeir og Ellert fyrst og fremst skipasmíðastöð, en nú er öldin önnur. „Ég hugsa að um 90% af okkar starfi nú sé vinna inni á Grundartanga í álverinu og járnblendinu. Þó svo að ég sé sem stendur um borð í Ingunni AK í viðhaldsverkefni hér, þá er hverfandi lítið orðið um slík verkefni. Ég held að ég hafi ekki komið um borð í skip síðan sl. haust! Við höfum að undanfögnu verið að vinna að stækkuninni á álverinu á Grundartanga og einnig erum við að vinna að tilfallandi verkefnum, bæði viðhaldsverkefnum og nýsmíði, í þessum þremur verksmiðjum sem eru hér á svæðinu, álverksmiðjunni og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og Sementsverksmiðjunni hér á Akranesi,“ segir Jóhannes og svarar því játandi að mikið hafi verið að gera að undanfögnu. „Já, við höfum haft alveg



Jóhannes Hreggviðsson, flokksstjóri hjá Þorgeir og Ellert á Akranesi.

Verkstjóri í steinullinni í 20 ár

Hörður Þórarinsson á Sauðárkróki er formaður Verkstjórafélags Norðurlands vestra. Hann er verkstjóri í Steinullarverksmiðjunni og hefur raunar starfað í henni alla tíð síðan að hún var sett á stofn árið 1985.

Hef lært mikið í sálfræði

„Ég er verkstjóri í framleiðsludeildinni og hef eftirlit með framleiðslunni, gæðamálunum o.s.frv. Í þessari

deild er 21 starfsmaður, 7 á hverri vakt, en verksmiðjan er keyrð allan sólarhringinn. Í það heila eru 42 ársverk í verksmiðjunni. Ég er til skiptis verkstjóri á dag- og kvöldvöktunum, sem eru annars vegar kl. 07-15 og hins vegar kl. 15-23. Ég hef starfað hér í Steinullarverksmiðjunni frá því að hún hóf rekstur árið 1985, þar af sem verkstjóri í um tuttugu ár. Þetta er fljótt að líða. Ég hafði hugsað mér



Hörður Þórarinsson, verkstjóri í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki og formaður Verkstjórafélags Norðurlands vestra.

Mynd: Óli Arnar Brynjarsson.

Félagið er sterkt

- segir formaður Verkstjórafélags Suðurnesja – félags stjórnenda á Suðurnesjum

Um síðustu áramót voru 207 félagsmenn í Verkstjórafélagi Suðurnesja – félagi stjórnenda á Suðurnesjum. Á síðasta ári fjölgaði félagsmönnum um 29 og 27 árið 2006. Úlfar Hermannsson, formaður félagsins, er ánægður með fjölgun félagsmanna undanfarin ár og þakkar það fyrst og fremst markvissu markaðs- og kynningarstarfi á félaginu.

„Já, ég tel að Verkstjórafélag Suðurnesja – félag stjórnenda á Suðurnesjum sé sterkt félag, bæði félagslega og fjárhagslega. Eignastaða okkar er sterk. Við eigum skrifstofuhúsnæði að Hafnargötu 15 hér í Keflavík og einnig eigum við orlofshús í Húsafelli, raðhúsaíbúð á Akureyri og íbúð á Egilsstöðum. Bæði orlofshúsið í Húsafelli og íbúðin á Akureyri hefur verið mjög vel nýtt, en íbúðin á Egilsstöðum síður,“ segir Úlfar.

Auk þess að vera formaður Verkstjórafélags Suðurnesja er Úlfar í stjórn Verkstjórásambandsins. Hann var verkstjóri til fjölda ára hjá Íslenskum aðalverktökum, en þurfti að hætta störfum vegna veikinda og er ekki á vinnumarkaði í dag. „Ég hef þá meiri tíma til þess að sinna félagsmálunum,“ sagði hann.



Úlfar Hermannsson, formaður Verkstjórafélags Suðurnesja.

óhemju mikið að gera, sem helgast annars vegar af stækkuninni í álverinu á Grundartanga og hins vegar af því að það er verið að bæta við nýrri framleiðslueiningu í járnblendinu, sem kemur í staðinn fyrir verksmiðju sem hefur verið í Noregi. Það er því ekki annað fyrirsjáanlegt en að mikið verði að gera hér á svæðinu á næstunni og þessi umsvif hafa skilað sér í mikilli fólksfjölgun hér á Akranesi.“

Úr Sveinafélagi járníðnaðarmanna í Verkstjórafélag Akraness

Jóhannes var lengi félagsmaður í Sveinafélagi járníðnaðarmanna á Akranesi, en hann segir að sér hafi ekki hugnast þær breytingar sem urðu þegar Sveinafélagið sameinaðist fleiri félögum undir merkjum Félags iðn- og tæknigreina og því gengið í Verkstjórafélag Akraness. „Í rauninni er eðlilegt og ætti að mínu mati að vera skylda að allir þeir sem hafa mannaforráð séu í verkstjórafélagunum. Sumir atvinnurekendur hafa hins vegar ekki ljáð máls á því, sem er miður,“ segir Jóhannes.

að starfa hér í tvö til þrjú ár, en þau eru nú orðin tuttugu og þrjú. Hér er almennt hár starfsaldur starfsmanna miðað við margar aðrar verksmiðjur. Að meðaltali hugsa ég að starfsmenn hafi starfað hér í um áratug.

Ég skal viðurkenna að ég vissi ekki mikið um hvað ég var að fara út í þegar mér var bókstaflega tilkynnt að ég ætti að taka að mér starf verkstjóra fyrir um tuttugu árum. Vissulega er ég reynslunni ríkari eftir þennan tíma og trúlega hef ég lært mest í sálfræði! Það er að sjálfsgöðu ekki sama hvernig maður umgengst þá sem vinna undir manns stjórn. Maður verður að reyna að nálgast hvern og einn og ná út úr honum það sem hægt er. Í verksmiðju eins og þessari er mikilvægt að mannskapurinn vinni vel saman og skapist góður vinnuandi, við leggjum mikið upp úr því. Ekki síst er það mikilvægt þegar mikið er að gera, eins og hefur verið undanfarin tvö ár. Það er óhætt að segja að það hafi verið botnlaust að gera. Ég held að mér sé óhætt að segja að á síðasta ári hafi aðeins fallið niður framleiðsla í sautján daga. Sala á steinullinni hér innanlands hefur aukist gríðarlega á síðustu tveimur til þremur árum í takt

við þá miklu þenslu sem hefur verið á byggingamarkaði. Það er fyrst núna sem við merkjum að sé að draga eilífið úr eftirspurninni.”

Frá Hrútafirði til Siglufjarðar

Starfssvæði Verkstjórafélags Norðurlands vestra er frá Hrútafirði í vestri til Siglufjarðar í austri. Um 90 félagsmenn eru í félaginu, þar af eru um 70 gjaldskyldir félagsmenn. „Fyrst og fremst eru þetta verkstjórar, en einnig millistjórnendur í nokkrum fyrirtækjum,“ segir Hörður.

Sumarbústað á Verkstjórafélag Norðurlands vestra í landi Stóruborgar í Vestur-Hópi. Bústaðurinn er um tuttugu ára gamall og er að sögn Harðar mjög vel nýttur frá maí og fram í september eða október. „Bústaðurinn hefur verið mikið endurnýjaður, í hann hefur verið lagt rafmagn og komið fyrir heitum potti. Þá hafa félagsmenn aðgang að neti og báti til silungsveiða í vatninu,“ segir Hörður og bætir við að félagið hafi til skoðunar að kaupa til viðbótar heilsárshús eða mögulega íbúð á höfuðborgarsvæðinu.



Guðbjörn Sigurþórsson, lagerstjóri hjá Rekstrarvörum.

Hef mildast með árunum!

Guðbjörn Sigurþórsson er lagerstjóri hjá Rekstrarvörum í Reykjavík og er því félagsmaður í Verkstjórafélagi Reykjavíkur. „Ég er búinn að vera í þessu starfi í sautján ár og ætti því að vera farinn að kunna þett bærilega,“ segir Guðbjörn og brosir.

Undir hans stjórn starfa tíu til tólf menn – starfsmenn á lagernum og bílstjórar. „Í starfi lagerstjóra felst að stýra því að taka inn vörur og skipuleggja útkeyrslu vara. Við erum með þrjá til fjóra bíla á ferðinni á hverjum degi hér á höfuðborgarsvæðinu og er-

um að keyra út um 240 brettum í hverri viku, vörurnar fara á um sex hundruð staði. Einnig fer mikið af vörum á flutningamiðstöðvarnar sem síðan eru fluttar til viðskiptavina út um allt land,“ segir Guðbjörn.

Rekstrarvörur hafa vaxið hratt undanfarin ár og segir Guðbjörn að árlegur vöxtur hafi verið um tíu af hundraði. „Í nýliðnum febrúar varð aukningin hjá okkur um 20%, sem gefur góð fyrirheit um áframhaldandi vöxt í ár. Við erum með breitt vöruúrval og erum þar af leiðandi í sam-

keppni við fjölmörg fyrirtæki. Í það heila starfa um fimmtíu manns hjá Rekstrarvörum í dag,“ segir Guðbjörn.

Góður vinnuandi hefur allt að segja

„Ég gekk í Verkstjórafélag Reykjavíkur rétt um tvítugt þegar ég starfaði hjá Ísbirninum gamla. Ég leysti af sem verkstjóri við löndun og síðan hafði ég umsjón með frystigeymslunum hjá Granda. Ég var því strax um tvítugt orðinn stjórnandi, sem mér skilst á kollegum mínum í Verkstjórafélaginu að sé frekar sjaldgæft. Ég kann ekki skýringuna á því af hverju þetta hefur æxlast svona, kannski er það bara þessi innbyggða afskiptasemi í mér,“ sagði Guðbjörn og hló. „Nei, svona í alvöru talað, þá held ég að annað hvort hafi menn það í sér að stjórna

eða ekki. Það er með þetta eins og annað að þetta þjálfast og lærist smám saman. Ég hef farið á ýmis námskeið fyrir verkstjóra og sannaast sagna hef ég mildast með árunum. Ég held að ég hafi verið þónokkur harðstjóri hér á árum áður, en ég hef mýkst eftir því sem árin hafa liðið! Ég hef oft líkt starfi verkstjóra við starf fóstru. Það þarf að hafa ákveðið innsæi í sálarlíf hvers og eins. Góður andi á vinnustað hefur allt að segja og það er gríðarlega mikilvægt að í fyrirtæki myndist ekki togstreita á milli einstakra vinnuhópa – t.d. þeirra sem eru á skrifstofu og hinna sem eru á gólfinu. Starfsfólk verður almennt að upplifa að það sé stolt af sínum störfum og það sé mikilvægur hlekkur í einni sterkri keðju í fyrirtækinu,“ segir Guðbjörn Sigurþórsson.

Fyrirtækja- og flotasala Heklu:

Í beinum samskiptum við viðskiptavinini

„Fyrirtækja- og flotasölu er ætlað að efla þjónustu við þá viðskiptavinini sem

eiga fleiri en þrjá bíla frá Heklu, Öskju og KIA. Mitt hlutverk er að



Ólafur Kristjánsson, söluráðgjafi hjá Heklu.

vera tengiliðir viðskiptavinanna út í hinar ýmsu deildir fyrirtækisins, hver sem þörfin er, vinnuvélar, sölumannabifreiðar, sendibifreiðar, viðgerðir eða önnur þjónusta. Fyrirtækin geta leitað beint til okkar og við fylgjum málum síðan eftir hér innanhúss. Þetta er nýtt svið innan fyrirtækisins og hefur að mínu mati gefið mjög góða raun,“ segir Ólafur Kristjánsson, söluráðgjafi hjá Heklu.

Góð viðbrögð

„Þessi þjónusta hentar vel bæði stórum og litlum fyrirtækjum. Þannig getum við boðið fyrirtækjum heildarlausnir og veitt þeim betri þjónustu,“ segir Ólafur. Hingað eru nú þegar komin ný fyrirtæki í viðskipti sem sjá og finna hagræðið af því að hafa einn tengilið sem sér um öll þeirra mál,“ segir Ólafur Kristjánsson.



Þrír af stjórnendum Würth á Íslandi. Frá vinstri: Róbert Heimir Halldórsson svæðissölustjóri, Haraldur Leifsson framkvæmdastjóri og Bragi Valur Egilsson sölustjóri.

Allt fyrir iðnaðarmenn

„Würth er sölu- og þjónustudrifið fyrirtæki og hér þurfa því allir stöðugt að vera á tánum til að sinna sínum viðskiptamönnum sem best,“ segir Haraldur Leifsson, framkvæmdastjóri Würth á Íslandi, sem er hluti af samnefndri þýskri samsteypu sem var sett á stofn fyrir röskum sextíu árum.

Würth sérhæfir sig í gæðavörum fyrir iðnaðarmenn og hefur um 8000 vörutegundir á skrá hér á landi. Helstu framleiðsluvörur hjá Würth eru efnavara af ýmsum toga s.s. límkiti, fituhreinsir og HHS 2000 smurefni. Auk þess er fyrirtækið með breiða línu af rafmagnsvörum, vinnuvettlingum, persónuhlífum og fest-

ingum auk hand- og rafmagnsverkfæra.

Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 og fagnar því tuttugu ára afmæli á þessu ári. Fyrirtækið gerir út 22 sölumenn um allt land sem heimækja viðskiptavinini ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, suma tvisvar í viku eða oftar eftir óskum hvers og eins. Í það heila eru starfsmenn Würth á Íslandi um fjórutíu talsins. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Vesturhrauni 5 í Garðabæ en auk þess rekur það verslanir á Bíldshöfða 16 í Reykjavík, á Skemmuvegi 6 í Kópavogi og á Fjölnisgötu 1 A á Akureyri.

Stærstir í útleigu á vinnulyftum

Fyrirtækið Armar ehf. var stofnað árið 1999 og er í eigu Auðuns Svafars Guðmundssonar, sem jafnframt er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Péturs Bjarnasonar. Auðunn segir að fyrirtækið sé nánast eingöngu að þjóna verktökum og hefur áherslan nánast frá upphafi verið á að leigja út vinnulyftur af öllum stærðum og gerðum frá bandaríska fyrirtækinu Genie. Armar eru stærsta fyrirtæki landsins í útleigu á vinnulyftum.

„Okkar stærstu viðskiptavinir eru í byggingariðnaðinum,“ segir Auð-

unn og bætir við að fyrirtækið sé einnig að leigja út ýmsar aðrar vörur fyrir verktaka. Hann nefnir lyftara, gröfur, krana, loftpressur og rafstöðvar.

„Það hefur verið mjög mikið að gera, sérstaklega á síðasta ári, en það má reikna með að það fari eitthvað að hægja á,“ segir Auðunn, en fyrirtækið er til húsa að Flatahrauni 25 í Hafnarfirði. „Við erum nánast eingöngu að horfa á leigu til verktaka. Leiga á þessum tækjum til einstaklinga er hverfandi,“ segir Auðunn.



Auðun Svafar Guðmundsson.

Skoðaðu verkfærin

www.rafver.is



SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS

Skipanir og hróp virka aldrei vel!

Guðmundur Ásbjörnsson starfaði nánast alla sína starfsævi hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Þar af var hann verkstjóri í um þrjá áratugi.

„Ég hóf að vinna hjá Vinnslustöðinni árið 1952 og hætti þar störfum árið 1999. Þetta voru víst ein fjörutíu og sjö ár. Það er óneitanlega langur tími. Það var gott að starfa hjá Vinnslustöðinni,“ sagði Guðmundur.

Guðmundur var fyrst og fremst verkstjóri í saltfiskverkun Vinnslustöðvarinnar og óhætt er að segja að þar hafi oft verið líf og fjör. Einkum var fjörlegt á vertíðunum, þegar heimabátarnir komu hver á eftir öðrum drekkhlaðnir að landi og fjöldi aðkomubáta lagði einnig upp afla sinn í Eyjum. Það var því mikil vinna og menn unnu á meðan stætt var.



Guðmundur Ásbjörnsson starfaði í 47 ár hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum.

Mynd: Óskar P. Friðriksson.

Það hefur verið mín gæfa að vinna með jákvæðu og góðu fólki. Það virkar aldrei vel að vera með einhverjar skipanir, hróp og köll á fólkið.

„Fiskvinnslan var gríðarleg í Vestmannaeyjum á þessum árum og sannaast sagna var vinnan oft alltof mikil. Það gafst oft ekki mikill tími til þess að sofa! Sumir unnu á meðan þeir gátu staðið. Þegar mest var vantaði fólk í fiskvinnsluna í Eyjum, þrátt fyrir að margir kæmu ofan af landi á vertíðinni. Við fengum fólk víða að, sem bjó hér í verbúðum, t.d. af Suðurlandi, úr Skagafirði og austan af Borgarfirði.“

Mestu máli skiptir að vera kurteis við fólkið

„Ég veit svo sem ekki hvort ég var góður verkstjóri. En í það minnsta varð ég ekki var við að fólki líkaði illa við mig,“ sagði Guðmundur og hló. „Mér fannst skipta mestu máli að vera kurteis við fólkið og sýna engan hroka. Það er lykilatriði að hafa fólkið með sér og einnig skiptir verulegu máli að góður andi sé á vinnustaðnum. Það hefur verið mín gæfa að vinna með jákvæðu og góðu fólki. Það virkar aldrei vel að vera með einhverjar skipanir, hróp og köll á fólkið.“

Sumarbústaðurinn var stóra fjárfestingin

Guðmundur hefur í gegnum tíðina tekið virkan þátt í starfi Verkstjórafélags Vestmannaeyja. Hann gekk í félagið árið 1965 og var gjaldkeri stjórnar árum saman. „Stærsta fjárfesting félagsins var þegar ráðist var í byggingu sumarbústaðar árið 1977. Bústaðurinn var byggður í landi Borgarholts í Flóanum og var síðar fluttur upp að Flúðum, þar sem hann er enn þann dag í dag. Bústaðurinn hefur síðan verið endurnýjaður töluvert og er prýðilega nýttur af félagsmönnum, einkanlega yfir sumarmánudina og um helgar á öðrum tímum ársins. Einnig hefur bústaðurinn verið leigður til annarra þegar félagsmenn hafa ekki getað nýtt sér hann, sagði Guðmundur.

Ásgeir Ingvi Jónsson er vinnslustjóri hjá Ramma í Þorlákshöfn:

Stýrir vinnslu á flatfiski, karfa og humri

„Ég er í senn í verk- og vinnslustjóri. Hér starfa um fjörutíu manns og ég er eini vinnslustjórinn, en síðan eru flokksstjórar í vinnslunni. Við vinnum flatfisktegundir og karfa og á sumrin erum við síðan í vinnslu á humri. Við erum ekki í þorski og því hefur þorskaflaniðurskurðurinn ekki komið jafn illa við okkur og marga aðra. Hins vegar hefur tíðarfarir verið okkur erfitt í vetur og það hefur haft áhrif á vinnsluna,“ segir Ásgeir Ingvi Jónsson, vinnslustjóri hjá Ramma í Þorlákshöfn.

Langmest af því hráefni sem Rammí vinnur kemur af eigin skipum fyrirtækisins. Fróði ÁR og Jón á Hofi ÁR veiða flatfisktegundirnar og humarinn en Múlabergið hefur undanfarin tvö ár veitt karfann, sem að hluta kemur til vinnslu hjá Ramma í Þorlákshöfn og að hluta er hann fluttur út í gámum.

Verkstjóri í á þriðja áratug

Ásgeir Ingvi hefur lengi starfað sem verkstjóri í fiskvinnslu – 21 ár í það heila. Hann hóf verkstjóraferilinn í sinni heimabyggð á Hofsósi, en fór síðan í Fiskvinnsluskólann. Að honum loknum lá leiðin norður í Hrísey þar sem Ásgeir starfaði sem verkstjóri í tvö ár og síðan færði hann sig til Grenivíkur og starfaði þar um skeið áður en hann flutti til Þorlákshafnar. „Það er nú svo skritið með það að ég

Á árum áður vorum við í því sem var kallað að bjarga verðmætum. Núna stýrum við skipunum eftir því hvernig afköstin eru vinnslunni í landi.

hef aldrei gert annað en að stjórna fólki,“ segir Ásgeir og hlær.

Margt hefur breyst í starfi verkstjórans í þau rúmu tuttugu ár sem Ásgeir hefur verið í þessu starfi. „Umhverfið í sjávarútvegi hefur breyst alveg gríðarlega á þessum árum,“ segir Ásgeir. „Hér á árum áður var tekið við aflanum og hann unninn, en núna eru bátarnir að afla hráefnis fyrir vinnsluna. Það er lykilatriði í dag að hafa stjórn á hráefnisflæði inn í vinnsluna. Hér á árum áður var það ekki þannig. Þá vorum við í því sem var kallað að bjarga verðmætum. Núna stýrum við skipunum eftir því hvernig afköstin eru vinnslunni í landi. Gæðakröfur hafa líka aukist verulega. Núna vinnum við upp í gerða sölusamninga og erum þannig í nánum tengslum við markaðina og söluaðila erlendis. Þetta er mjög jákvæð þróun.“



Ásgeir Ingvi Jónsson, verkstjóri Ramma.


Í verkstjórafélagum frá 1993

Ásgeir hefur lengi verið félagi í verkstjórafélagum. Frá 1993 var hann í Verkstjórafélagi Akureyrar og ná-

grennis og færði sig síðan í Verkstjórafélag Suðurlands þegar hann flutti suður í Þorlákshöfn árið 1997.

Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

- Stillanlegt hitastig neysluvatns
- Stórminnkar slysa hættu af völdum heita neysluvatnsins
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
- Léttari þrif, enginn kísill á flísum og hreinlætistækjum
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu
- Snyrtileg hlíf fylgir



Danfoss 75
1933 • 2008

Danfoss hf

Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

„Vel í sveit settur“

„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílaflota okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsingu síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsingu er ég einfaldlega best settur.“

Jóhann Unnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri, Vöndull ehf



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



Þjónustar bygg- ingar- og jarð- vinnuverktaka

Einar Pálsson er dæmi um sjálfstæð-
an atvinnurekanda sem á aðild að
Verkstjórásambandi Íslands, en hann
er félagi Verkstjórafélagi Suðurlands
– félagi stjórnenda á Suðurlandi.
Einar á og rekur ásamt syni sínum
fyrirtækið Mót heildverslun að Bílds-
höfða 16 í Reykjavík.

Á og rekur Mót heildverslun
Mót er rótgróið verslunar- og þjón-
ustufyrirtæki fyrir byggingar- og
jarðvinnuverktaka. Fyrirtækið selur
m.a. steypumót, byggingarkrana,
jarðvegsþjöppur, rafstöðvar, vinnu-
búðir, vinnulyftur, járnklippur og

Á sínum tíma var það
okkar niðurstaða í stjórn
Verkstjórafélags
Suðurlands að full
ástæða væri til þess að
útvíkka starfsemi
félagsins þannig að fleiri
ættu erindi í það.

beygjur, hitablásara, þéttiefni, lofta-
stoðir og loftabita og nýjar og notað-
ar vélar af ýmsum stærðum og gerð-



Einar Pálsson á og rekur Mót heildverslun í Reykjavík ásamt syni sínum.

um ásamt íhlutum í steypumót. Þá
útvegar fyrirtækið varahluti í flestar
gerðir véla.

„Meginuppistaðan í rekstri fyrir-
tækisins er sala á gámahúsum og
vinnubúðum, byggingakrönum,

vinnulyftum og öðrum stærri tækj-
um. Einnig erum við með ýmsar
smávörur. Fyrirtækið keypti ég árið
2003, en að grunni til er það frá
1981,“ segir Einar.

**Vildum útvíkka starfsemi
Verkstjórafélags Suðurlands**
Einar segist lengi hafa verið félagi í
Verkstjórafélagi Suðurlands og þar
var hann í stjórn í nokkur ár. Einar
hefur víða komið við. Hann er húsa-
smíðameistari og fór síðan í rekstrar-
fræðinám. Um tíma var hann fjár-
málastjóri í sjávarútvegsfyrirtæki fyrir
vestan, starfaði í fiskeldi og var fjár-
málastjóri Kaupfélags Árnesinga, at-
vinnuráðgjafi á Suðurlandi og sveit-
arstjórnarmaður þar. Einar býr nú á
Eyrarbakka og sækir því vinnu til
Reykjavíkur.

„Á sínum tíma var það okkar nið-
urstaða í stjórn Verkstjórafélags Suð-
urlands að full ástæða væri til þess að
útvíkka starfsemi félagsins þannig að
fleiri ættu erindi í það. Á síðari árum
hefur fjölgað mjög allskonar milli-
stjórnendum í fyrirtækjum sem finna
sig ekki í einhverjum ákveðnum fé-
lögum. Í byggingabransanum eru
sem dæmi byggingastjórar, verkstjór-
ar og flokksstjórar. Við vildum ná til
þessa hóps millistjórnenda. Það á við
um þetta eins og annað að það er
samkeppni um félagsmenn. Verk-
stjórafélagið tekur þátt í þeirri sam-
keppni og vill laga sig að breytingum
á samfélaginu,“ segir Einar.

Úr skinnunum í drykkina

Um 240 félagar eru í Verkstjórafélagi
Akureyrar og nágrennis, en starfs-
svæði félagsins er frá Ólafsfirði í
vestri og austur í Norður-Þingeyjar-
sýslu. Eggert H. Jónsson, formaður
félagsins, segir að litlar breytingar
hafi orðið á fjölda félagsmanna á
undanförnum árum. Verkstjórafélag-
ið er með opna skrifstofu virka daga,
hluta úr degi, á Akureyri. Auk for-
mennsku í Verkstjórafélagi Akureyrar
og nágrennis situr Eggert í sam-
bandsstjórn Verkstjórásambands Ís-
lands.

„Þetta er að mínu mati sterkt fé-
lag, peningalega er staðan traust,“

segir Eggert. Hann segir að félags-
menn leiti mikið eftir upplýsingum á
skrifstofu félagsins á Akureyri, t.d.
varðandi kjaramál, veikindi og or-
lofsmál. „Við eigum jörðina Vatns-
enda í Ólafsfirði og þar er gamalt
íbúðarhús sem verður brátt aflagt og
auk þess sumarhús síðan 1970. Stef-
nan er sú að byggja nýtt sumar-
hús á Vatnsenda. Auk þess eigum við
íbúð við Ofanleiti í Reykjavík sem er
geysilega mikið notuð, það er ekki
fjarri því að það sé tveggja mánaða
bið eftir að komast í íbúðina,“ segir
Eggert og bætir við að auk þess út-
hluti félagið árlega svokölluðum or-

lofsstyrkjum til 20 félagsmanna, 15
þúsund kr. til hvers, sem þeir sækja
um til félagsins. Orlofsstyrkina geta
félagsmenn nýtt eins og þeir vilja, til
leigu á felli, til utanlandsferða o.
s.frv.

Eggert starfaði í tuttugu og sex ár
á gömlu Sambandsverksmiðjunum,
þar af í átján ár sem verkstjóri, bæði í
ullariðnaðinum og skinniðnaðinum.
„Þegar Skinniðnaðurinn fór næst-
síðast á hausinn forðaði ég mér og
hef síðustu sex árin starfað hjá Vífil-
felli hér á Akureyri, nú sem lager-
starfsmaður. Ég kann mjög vel við
þett starf,“ segir Eggert.

Í verkstjórafélagi í tæpa sex áratugi!

„Ég hef verið félagi í Verkstjórafélagi
Suðurnesja frá stofnun þess árið 1950
og var einn af stofnendum félagsins,“
segir Brynjólfur Brynjólfsson í Sand-
gerði, en hann man tímanana tvenna
í atvinnumálum á Suðurnesjum.

Brynjólfur starfaði sem verkstjóri í
áratugi. „Þegar Íslenskir aðalverktakar
voru stofnaðir fór ég yfir til þeirra frá
véladeild Hamilton uppi á Velli og
hjá þeim starfaði ég í fjörutú og þrjú
ár, lengstaf sem vélaverkstjóri. Ég var
til dæmis mikið í efnisnámunni í
Stapafellinu og einnig mikið við
vinnuvélar. Síðan fór ég stundum
út á land, t.d. vestur á Hellissand,
upp í Hvalfjörð og austur á Höfn.
Annars var ég mest uppi á Velli í
véladeildinni hjá Aðalverktökum. Ég
get líka nefnt að ég var frá upphafi
við byggingu Keflavíkurvegarins og
það var óneitanlega skemmtilegt en
krefjandi verkefni. Tækjabúnaðurinn
var reyndar svona upp og ofan, þetta

voru nokkuð gamlar vélar sem komu
frá Hamilton.“

Það var margt sem gerðist í 43 ára
verkstjóratið Brynjólfs. „Já, blessaður
vertu, þetta var oft rosalega mikil
vinna. Kaupið hækkaði lítið, en ef
menn vildu fá meira í launumslagið
þurfti að bæta við sig mikilli nætur-
vinnu. Tíðarandinn var í þá daga
þannig að menn unnu á meðan stætt
var.“

Brynjólfur rifjar upp að á þessum
árum hafi verið mikill fjöldi starfs-
manna hjá Íslenskum aðalverktökum.
„Ætli það hafi ekki verið í heila á bil-
inu 800 til 1000 manns. Ég var með
um 170 manns í vinnu í véladeild-
inni. Hjá mér störfuðu bæði strákar
og stelpur. Þær voru oft helv.. dug-
legar og gengu í öll störf. Jú, þetta var
mjög skemmtilegur tími, þó svo að
oft hafi hann verið erlissamur og mað-
ur hugsar oft til þessara ára,“ sagði
Brynjólfur Brynjólfsson.



Eggert H. Jónsson, formaður Verkstjórafélags Akureyrar og nágrennis og lagermaður hjá Vífilfelli á Akureyri.



Pálína K. Árnadóttir, verkstjóri hjá Sjóklæðagerðinni 66°Norður.

Miklar breytingar á tveimur áratugum

Pálína K. Árnadóttir er verkstjóri í Sjóklæðagerðinni 66°Norður og það nálgast aldarfjórðung sem hún hefur starfað hjá fyrirtækinu. Þar af hefur hún verið verkstjóri frá 1987.

Verkstjórn lærist með tímanum

Hvernig telur Pálína að góður verkstjóri eigi að vera? „Já, það er góð spurning. Ég get bara talað fyrir mig, að ég hef það að leiðarljósi að koma fram við fólkið sem starfar undir minni stjórn eins og ég vil að það komi fram við mig. Mannlegi þátturinn skiptir gríðarlega miklu máli á vinnustaðnum. Ég hef átt mjög gott samstarf við mitt fólk hér á undanfórnum árum, bæði Íslendinga og fólk af erlendu bergi brotnu. Hér á árum áður var lítið um erlent vinnu-afl, en ég hygg að upp úr 1990 hafi

það farið að koma hér inn á vinnu-markaðinn í einhverjum mæli. Ég hef haft þá stefnu að tala sem mest við erlent starfsfólk á íslensku, þó svo auðvitað að maður þurfi að grípa til enskunnar. En engu að síður er mikilvægt fyrir erlent verkafólk á vinnu-markaði hér að geta tjáð sig á íslensku. Það auðveldar öll samskipti. Þegar mest var var fólk hér frá ellefu þjóðlöndum í einu, en núna eru hér starfandi auk Íslendinga fólk frá Fil- ipseyjum, Úkraínu og Póllandi.

Verkstjórn lærist fyrst og fremst með tímanum. Reyndar var hún grein í mínu klæðskeranámi á sínum tíma, en fyrst og fremst er þetta eitt- hvað sem lærist smám saman.“

Pálína tekur virkan þátt í félags- málu- num og hefur undanfarin ár set- ið í stjórn Verkstjórafélags Reykjaví- kur.

Höfum góða reynslu af 66°Norður

- segir Þórður Þorbjörnsson hjá Íslenskum aðalverktökum

„Við höfum haft þá stefnu að bjóða reglulega út kaup á vinnufatnaði fyrir okkar starfsmenn og nýverið endur- nýjuðum við samning við Sjóklæð- a- gerðina 66°Norður, sem við erum mjög ánægðir með“, segir Þórður Þorbjörnsson, innkaupafulltrúi hjá Íslenskum aðalverktökum.

Að sögn Þórðar er hér um við- mikinn samning að ræða, enda eru starfsmenn Íslenskra aðalverktaka á sjöunda hundrað talsins og drjúgur hluti þeirra notar vinnufatnað frá Sjóklæðagerðinni daglega. „Við ákváðum fyrir nokkrum árum að fara út í að samræma vinnufatnað starfs- manna, sem væri þá merktur fyrir-



Þórður Þorbjörnsson.

tækinu sérstaklega. Enda skiptir það miklu máli fyrir fyrirtækið að starfs- menn okkar séu eins klæddir og snyrtilegir til fara“.

Þórður segir að samskiptin við 66°Norður hafi gengið mjög vel. „Við höfum lengi átt gott og farsælt samstarf við Sjóklæðagerðina. Það sem við horfum fyrst og fremst á við gerð samninga eins og þann sem við höfum gert um kaup á vinnufatnaði frá Sjóklæðagerðinni eru gæði, hag- stætt verð og þjónusta. Samningur okkar við Sjóklæðagerðina nær öllum þessum þremur markmiðum. Það er afar mikilvægt að við höfum áðgang að tryggum birgja sem getur útvegað okkur þann fatnað sem við þurfum með skömmum fyrirvara. Það er að sjálfsgöðu afar mikils virði fyrir fyrir- tækið og í raun grundvallaratriði,“ segir Þórður.

Að sögn Þórðar hafa kröfur um sýnileika vinnufatnaðar samkvæmt Evrópustaðlinum EN 471 aukist á síðustu árum. „Þess vegna tókum við þá ákvörðun á síðasta ári að okkar starfsmenn væru í slíkum öryggisfatnaði, nema þeir sem eru á afmörkuð- um svæðum inni á verkstaðum. Við völdum að starfsmenn fyrirtækisins væru klæddir appelsínugulum yfir- höfnum með breiðum endurskins- borðum,“ segir Þórður og bætir við að um sé að ræða alls kyns fatnað, svo sem jakka, mittisbuxur, heilgalla, regnfatnað o.fl.



Tveir starfsmenn ÍAV við byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Austurhöfn – í fatnaði frá 66°Norður. Ólafur Árnason verkstjóri til vinstri og Ísleifur Sveins- son byggingastjóri.



Gluggar og hurðir úr áli, PVC og tré
Gæðavörur frá glugga- og hurðaverksmiðju í Litháen



Gámahús



Íhlutir í steypumót



Vinnubúðir/vinnuskúrar



TEREX
COMEDIL

Terex byggingarkranar
Terex-Comedil
Terex-Peiner
Nýjir og notaðir kranar

Ný og notuð steypumót frá Meva
Handflekamót,
kranamót
og loftmót



Nýjar og notaðar masturslyftur á byggingarstaði frá Alimak og HEK Vinnupallalyftur, efnis- lyftur, vöru og fólkslyftur



mót
heildverslun

Verslunar og þjónustufyrirtæki fyrir byggingar og jarðvinnuverktaka
www.mot.is • mot@mot.is • sími 544 4490 • Bíldshöfði 16



Verkstjórafélagið Þór

Sími 551 0166 skrifstofa
GSM 693 0522 formaður
GSM 692 0168 gjaldkeri
Netfang: vefthor@simnet.is
<http://vefthor.googlepages.com>



**Verkstjórafélag
Norðurlands vestra**

Brennihlíð 9 - 550 Sauðárkróki
Formaður Hörður Þórarinnsson
GSM 848 4180



**Verkstjórafélag
Hafnarfjarðar**

Helligstötu 16
220 Hafnarfirði
Formaður Steindór Gunnarsson
GSM 898 9760



Verkstjórafélag Austurlands

Austurvegur 20 - 730 Reyðarfirði
Formaður Benedikt Jóhannsson
GSM 864 4921 - verkaust@vssi.is



**Verkstjórafélag
Vestfjarða**

Heiðarbraut 7 - 410 Hnífsdal
Formaður Sveinn Guðjónsson
GSM 863 3871



**Verkstjórafélag Akureyrar
og nágrennis**

Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 462 5446 - Fax 462 5403



**Verkstjórafélag
Vestmannaeyja**

Bröttugötu 8 - Vestmannaeyjum
Formaður: Borgþór E. Pálsson
GSM 823 6333



Verkstjórafélag Borgarness og nágrennis

Tungulæk - 311 Borgarnesi
Formaður: Einar Óskarsson
Sími 437 1191 - GSM 617 5351



**Verkstjórafélag
Reykjavíkur**

Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Sími 562-7070 - Myndriti: 562-7050
Heimasíða www.vfr.is
Netfang: vfr@vfr.is



**Verkstjórafélag
Suðurlands**

Austurvegi - 56 Selfossi
SÍMI 480 5000
Netfang: stjornandi@stjornandi.is
Veffang: www.stjornandi.is



**Verkstjórafélag Suðurnesja
Félagsstjórnenda á Suðurnesjum**

Hafnargötu 15 - 230 Keflavík
Sími 421 2877 - Fax 421 1810
Formaður Úlfar Hermannsson - GSM 897 9535



Verkstjórafélag Snæfellsness

Silfurgötu 36 - 340 Stykkishólmi
Formaður Þorbergur Bæringsson
GSM 894 1951

Það eru engir tveir dagar eins

Guðmundur Gíslason er Ísafirðingur og hefur verið verkstjóri hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru í Hnífsdal undanfarin fjögur ár. Hann kláraði Fiskvinnsluskólann á sínum tíma og „kom heim aftur“, eins og hann orðar það. Í millitíðinni fór hann á sjó í nokkurn tíma, en kom sem sagt til starfa hjá HG og kann því ágætlega. „Ég hef alla tíð unnið að verkefnum sem tengjast sjávarútvegi á einn eða annan hátt,“ segir Guðmundur.

Þorskníðurskurðurinn kemur við HG eins og önnur hérland sjávarútvegsfyrirtæki. Guðmundur segir að fyrirtækið hafi á undanförnum árum lagt ríka áherslu á uppbyggingu í þorskeldi og það komi sér vel í þessum kvótaniðurskurði. „Það sem af er þessu ári höfum við tekið yfir fjögur hundruð tonn af þorski inn í vinnsluna hjá okkur úr eldinu. Við höfum unnið eldisþorsk í nánast hverri viku síðan snemma í desember á síðasta ári og því skiptir eldið okkur orðið miklu máli.“

Verkstjóri þarf að vera alþjóðlegur sálfræðingur!

Í vinnslunni eru að sögn Guðmundar um 55 manns. Það er því í mörg horn að líta fyrir hann sem verkstjóra. „Við erum með fjölpætta vinnslu og afurðaflokkarnir eru margir. Í mínu starfi felst að stjórna fólkinu og skipuleggja vinnsluna frá degi til dags. Þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf, það eru engir tveir dagar eins,“ segir Guðmundur. „Ég held að

það sé ekki unnt að læra verkstjórn nema að litlu leyti í skóla. Þetta er persónubundið hjá hverjum og einum. Það má segja að nú til dags þurfi verkstjóri að vera alþjóðlegur sálfræðingur. Núna starfar hjá okkur fólk af sex þjóðernum og minnihluti starfsfólks eru Íslendingar. Þetta hefur breyst töluvert á stuttum tíma því ekki er langt síðan 60-70% starfsfólks í vinnslunni hér voru Íslendingar.“



Guðmundur Gíslason, verkstjóri hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru í Hnífsdal.

Mynd: Sveinn K. Guðjónsson.

Vaxandi áhugi á símenntun

- segir sviðsstjóri prenttæknisviðs Iðunnar fræðsluseturs ehf.

Björn M. Sigurjónsson, sviðsstjóri prenttæknisviðs Iðunnar fræðsluseturs ehf., segir greinilega vaxandi áhuga á símenntun. Iðan varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina við. Eignendur fræðslusetursins eru Samtök iðnaðarins, Samiðn, Matvís, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar.

„Það er greinilega mikil ásókn í rekstrar- og stjórnunarnám. Við höfum líka lagt áherslu á námskeið í starfsmanna- eða mannaúdsstjórnun,“ segir Björn og bætir við að mikilvægt

sé að fylgt sé eftir stöðugri framþróun í t.d. tölvutækni með námskeiðahaldi þar sem það nýjasta í tölvugeiranum er kennt. „Við sinnum líka námi á vinnustöðum og á því sviði hefur orðið mikil framþróun undanfarin ár,“ segir Björn.

Eins og kemur fram í viðtölum við forráðamenn Verkstjórásambandsins hér í blaðinu hafa menntunarmálin verið ofarlega á baugi hjá verkstjórum. Björn segir að sem stendur sé VSSÍ ekki aðili að Iðunni, en starfsemi fræðslusetursins hafi hins vegar verið kynnt fyrir forráðamönnum Verkstjórásambandsins.

Verkstjórásambandið hefur samstarfssamning við Iðu fræðslumiðstöð.



Iðan fræðslusetur er til húsa að Hallveigarstíg 1.

Heildarlausnir í lyfturum

Ótrúlegt úrval diesel- og rafmagnslyftara



HÁTÆKNI STÝRI

- HYSTER P1.6 - P2.2
- 1.600 - 2.200 kg.
- Pallettutjakkur
- Sjálfvirk bremsulosun



- HYSTER S1.0 - S1.6
- 1.000 - 1.600 kg.
- Staflari
- Sjálfvirk bremsulosun
- Fáanlegur í ýmsum útfærslum



ÖFLUGUR STÝRIPINN

- HYSTER R1.4 - R2.5
- 1.400 - 2.500 kg.
- Vöruhúsalyftari
- Fáanlegur í mörgum útfærslum



- HYSTER A1.00XL - A1.50XL
- 1.000 - 1.500 kg.
- Þriggja hjóla rafmagnslyftari
- Sjálfvirkur bremsubúnaður
- Fáanlegur í ýmsum útfærslum

- HYSTER H2.0FT - H3.5FT
- 2.000 - 3.500 kg.
- Diesel lyftari



- HYSTER RS45-27CH - RS46-36CH
- Lyftiget: 45 - 50 tonn
- Gámalyftari
- Fáanlegur í mörgum útgáfum



Hyster fyrir alla!

Hyster lyftarar, gæði á góðu verði

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Iðnaðarmenn í Verk- stjórafélaginu Þór

Verkstjórafélagið Þór í Reykjavík hefur þá sérstöðu innan Verkstjórásambandsins að í því félagi eru eingöngu iðnlærðir verkstjórar. Svo hefur verið frá stofnun félagsins árið 1935 og er enn. „Það hafa sem sagt iðnlærðir menn, fyrst og fremst járníðnaðarmenn, verið alla tíð í Verkstjórafélaginu Þór, en reyndar er búið að opna félagið öllum verkstjórum,“ segir Árni Ingólfsson, varaformaður Verk-

stjórafélagsins Þórs.

Um 70 greiðandi félagar

Um 70 greiðandi félagar eru í Verkstjórafélaginu Þór, en í það heila eru sem næst 90 félagsmenn í Þór. Þrátt fyrir að félagið sé ekki fjölmennara segir Árni að það standi ágætlega styrkum fótum. Þannig eigi félagið tvo sumarbústaði í Svartagili í Norðurárdal, sem séu prýðilega nýttir af

Það hefur orðið hugarfarsbreyting

- segir Kristján Einarsson hjá Dynjanda

„Það er alveg ljóst að hér á landi hefur notkun á öryggisbúnaði á vinnustað, ekki síst fallvarnabúnaði verið að aukast mjög á síðustu misserum og árum og við erum í þessum efnum hægt og bítandi að nálgast nágrannalöndin,“ segir Kristján Einarsson, sölustjóri fyrirtækjasviðs hjá Dynjanda ehf., sem hefur á undanförnum áratugum verið leiðandi í sölu öryggisbúnaðar fyrir atvinnulífið, auk þess sem fyrirtækið hefur á boðstólum persónuhlífar, vinnufatnað, háþrýstihreinsidælur, þvottakerfi, rafstöðvar, dælur, ryksugur, vatnssugur, svo fátt eitt sé nefnt.

„Ég get nefnt í þessu sambandi að álfyrirtækin, sem eru hér með starfsstöðvar, leggja mikla áherslu á öryggismálin og gera að sjálfsögðu sömu kröfur hér og í öðrum starfsstöðvum sínum erlendis. Þessar miklu öryggiskröfur álfyrirtækjanna hafa sitt að segja í að önnur hérland fyrirtæki, sem vinna inni á athafnasvæðum álfyrirtækjanna, taka upp sömu öryggiskröfur.

Það er greinilegt að þekking hins almenna starfsmanns á öryggismálum hefur verið að aukast mjög mikið. Við hjá Dynjanda höfum haldið námskeið um notkun og grunnþekkingu á fallvarnabúnaði og þau hafa verið vel sótt og menn sýna þessum málum mikinn áhuga. Vissulega hafa orðið alvarleg slys sem hafa vakið

menn til umhugsunar um öryggismálin og notkun öryggisbúnaðar hefur aukist í kjölfarið. En fyrst og fremst vil ég fullyrða að það hefur almennt orðið hugarfarsbreyting varðandi notkun fallvarnabúnaðar og annars öryggisbúnaðar, menn hafa komist að raun um að það er ekki skynsamlegt að treysta á heppnina,“ segir Kristján.

Skylt að skoða fallvarnabúnað á hverju ári

Hann segir að söluaðilum fallvarnabúnaðar beri skylda til að hafa innan sinna vébanda einstakling sem hefur ríka þekkingu á slíkum búnaði og geti ráðlagt kaupendum um val á hentugasta búnaði í hvert skipti. „Okkur ber að sjálfsögðu skylda til þess að hafa þá þekkingu á búnaðinum að við getum kennt mönnum að nota hann rétt. Fyrirtækin verða einnig að hafa heimild til þess að skoða fallvarnabúnaðinn og taka hann út, enda er krafa um að hann sé skoðaður og yfirfarinn einu sinni á ári. Persónuhlífar eru flokkaðar í þrjá flokka og fallvarnabúnaður heyrir undir flokk þrjú sem er ætlaður til að verjast alvarlegum slysum. Eðli málsins samkvæmt þarf þetta að vera traustur búnaður og því er að mínu mati eðlileg sú krafa að hann sé skoðaður einu sinni á ári,“ segir Kristján.



Kristján Einarsson, sölustjóri hjá Dynjanda.

félagsmönnum, bæði yfir sumarmánudína og einnig um helgar á haustin og yfir vetrarmánudína.

Starfar hjá Héðni

Árni er vélvirki að mennt og starfar hjá Vélsmiðjunni Héðni. Hann var verkstjóri hurðadeildar Héðins og sá síðan um rekstur hennar. En nú segir hann að aðalverkefnið sé „að byggja nýjan Héðin“, eins og hann orðar það. Það er sem sagt verið að byggja nýtt hús yfir starfsemi Héðins í Hafnarfirði, nánar tiltekið í hrauninu ekki langt frá álveri Ísals í Straumsvík. Héðinn hefur verið í Garðabæ, en það hús hefur nú verið selt. Ætlunin er að flytja starfsemina í nýja húsið um næstu áramót.

„Þetta er í raun í fyrsta skipti sem byggt er yfir starfsemi Héðins frá grunni,“ segir Árni, en hann hefur lengi starfað hjá fyrirtækinu, eða í um þrjátíu ár. „Já, það er gott að vinna fyrir þá í Héðni,“ segir Árni.



Árni Ingólfsson, varaformaður Verkstjórafélagsins Þórs og starfsmaður hjá Héðni.

Reynslan úr íþróttunum nýtist vel

„Mitt starf felst í því að hafa umsjón með gatnamálunum, uppsetningu umferðarskilta, yfirborðsmerkingum á götum og stæðum og fleira,“ segir Bergsveinn S. Bergsveinsson, verkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ, en í það heila eru fjórir starfsmenn hjá bæjarfélaginu í hans deild.Yfir sumarmánudína er enn meira að gera í þessum geira, enda er þá til viðbótar við hið venjubundna viðhald töluvert um nýframkvæmdir.

Í umferðardeildinni í fjórtán ár

„Ég er búinn að vera verkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ síðan 1994. Á sínum tíma lærði ég offsetprentun, en færði mig síðan yfir í þetta. Prentunin gekk ekki nægilega vel upp með boltanum, en þessi vinna hentaði mér betur. Ég hélt síðan áfram í þessu hjá Hafnarfjarðarbæ og hef verið hér undanfarin fjórtán ár og líkar ljómandi vel,“ segir Bergsveinn, sem eins og kunnugt er var einn af okkar albestu handboltamarkvörðum og stóð lengi á milli stanganna í landsliðinu. Auk þess var hann um tíma aðstoðarmaður Guðmundar Þórðar Guðmundssonar þegar hann þjálfaði landsliðið um árið. Bergsveinn neitar því að hann sé ennþá að spila handbolta, en viðurkennir að erfitt sé þó að slíta sig frá boltanum. Hann haldi góðum tengslum við íþróttina með því að þjálfar markmenn framtíðarinnar í yngri flokkum FH sem og markmenn meistaraflökks félagsins.

Fjölbreytt starf

„Starf verkstjóra hjá bænum er fjölbreytt. Maður er út um allan bæ og í samskiptum við fullt af fólki í öllum stofnunum bæjarins.

Á veturna er alltaf mikið um viðhald á umferðarmerkjum. Á hálfku-degi er ekki óalgengt að ekið sé á allt að fimm umferðarskilti og á þessum tíma árs, þegar sólin er ekki komin hærra, blindast fólk af sólinni og lendir oft á umferðarmerkjum.



Bergsveinn S. Bergsveinsson, verkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ og fyrrverandi landsliðsmarkvörður í handbolta.

Verktakar annast yfirborðsmerkingar á helstu götum bæjarins á sumrin, en við hjá bænum sjáum um yfirborðsmerkingar hjá stofnunum, leikskólum, skólum o.fl. Ég hugsa að fólk hugsi oft ekki út í þá vinnu sem liggur að baki uppsetningu og viðhalds umferðarskilta. Á stórum gatnamótum geta verið allt að fjórutíu umferðarskilti!“

Ekki strangur verkstjóri!

Berg sveinn telur sig ekki vera strang-

an verkstjóra. „Nei, það held ég ekki. En þú verður auðvitað að spyrja einhvern annan að því. Ég held að reysla mín úr íþróttunum hafi hjálpað mér í þessu starfi, þ.e. að þjappa mönnum saman í liðsheild. Það er mikilvægast að menn vinni vel saman að settu marki. Mínir menn vita hvar þeir hafa mig!“

Bergsveinn tekur ríkan þátt í félagsmálum verkstjóra í Hafnarfirði og situr í stjórn Verkstjórafélags Hafnarfjarðar.

Líflegt starf og mikið stress á köflum!

„Ég starfa hjá Landflutningum-Samskip á Ísafirði. Við erum mest í því að flytja vörur landleiðina frá Ísafirði til Reykjavíkur og öfugt. Yfirleitt er ég með á mínum snærum sex til átta manns, annars vegar starfsmenn í vöruafgreiðslunni og hins vegar bílstjórana. Starfsmenn í vöruafgreiðslunni sjá um losun og lestun á bílunum og safna saman vörum hér á norðursvæðinu – Ísafirði, Bolungarvík, Þingeyri, Suðureyri og Flateyri. Við erum því að þjónusta nokkuð stórt svæði hér,” segir Guðmundur S. Ásgeirsson, verkstjóri hjá Landflutningum-Samskip á Ísafirði.

„Bróðurpartur þess sem við flytjum af þessu svæði suður til Reykjavíkur er fiskur og hingað vestur flytjum við fyrst og fremst almenna nauðsynjavöru. Þetta er langmest ferskur fiskur í körum, sem smábátarnir landa og er seldur í gegnum fiskmarkaðina. Þetta er umtalsvert magn og manni finnst heldur öfugsnúið að þetta skuli fara meira og minna óunnið héðan til vinnslu á suðvesturhorninu. Það er af sem áður var þegar stærstur hluti aflans var unninn hér fyrir vestan,” segir Guðmundur.

Í flutningabransanum í hálfan annan áratug

Guðmundur segist hafa verið í flutningabransanum frá 1992 að einu ári undanskildu. Til að byrja með starfaði hann hjá Ísafjarðarleid. Eimskip keypti síðan Ísafjarðarleid og Guðmundur „fylgdi með í kaupunum”. Og til Landflutninga-Samskipa færði



Guðmundur S. Ásgeirsson, verkstjóri hjá Landflutningum-Samskip á Ísafirði og gjaldkeri Verkstjórafélags Vestfjarða.

Mynd: Sveinn K. Guðjónsson.

Guðmundur sig síðan fyrir fimm árum. „Þetta er líflegt starf og mikið stress og læti á köflum. Á álagstímum eins og í kringum stórhátíðir þurfa hlutirnir helst að gerast í gær. Kröfurnar eru þær nú til dags að vörur sem eru pantaðar frá Reykjavík klukkan þrjú þurfa að vera komnar til viðtakanda hér fyrir vestan eigi síðar en klukkan tíu daginn eftir.

Sem betur fer hafa samgöngurnar batnað verulega og það heyrir orðið til undantekninga ef vegirnir hingað vestur lokast algjörlega. Steingrímsfjarðarheiðin var vissulega mikill farartálmi hér áður fyrr, en eftir að hún var byggð upp safnast ekki mikill snjór á veginn og auk þess er heiðin rudd oft ef setur niður einhvern snjó að ráði.”

Verkkstjórafélagið á íbúð í Kópavogi

Guðmundur segist hafa verið í Verkstjórafélagi Vestfjarða frá því að hann hóf að vinna í flutningabransanum árið 1992. Guðmundur er gjaldkeri félagsins. Hann segir að félagið eigi íbúð í Gullsmára í Kópavogi, „en við áttum áður sumarbústað í Borgarfirði, sem við seldum vegna þess að

við gátum ekki nýtt hann allt árið. Íbúðin nýtist okkur hins vegar mjög vel. Hún er í leigu nánast allt árið. Við leigjum okkar félagsmönnum íbúðina og öðrum ef hún er laus. Einnig höfum við leigt öðrum verkstjórafélögum íbúðina ef hún er laus,” segir Guðmundur.

Hjá SérEfnum vinnur fagfólk

**þegar gæðin skipta máli notar þú Nordsjö,
Nordsjö gæðamálning fæst hjá SérEfnum Lágmúla 7**



SérEfni ehf. **International.**

Lágmúli 7, bakhús - Sími 517 0404

Hallveig Björk Höskuldsdóttir er leiðtogi í álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði:

Mikið lagt upp úr teymisvinnu

„Starfsheiti mitt hér er „leiðtogi“ og starfssviðið er mjög svipað og hjá verkstjórum, nema að hugmyndafræðin að baki stjórnun er eitlítið öðruvísi. Við styðjumst við svokallaða ABS-hugmyndafræði, sem byggir m.a. mikið á teymisvinnu,“ segir Hallveig Björk Höskuldsdóttir, leiðtogi hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði.

Leiðtogi í steypuskála

Hallveig Björk hóf störf hjá Fjarðaáli í júní á sl. ári. Til að byrja með var hún á námskeiðum á vegum fyrirtækisins, en hóf síðan störf „á gólfinu“ í júlí. Áður hafði Hallveig m.a. starfað hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, verið við kennslu og ýmislegt annað..

„Í verksmiðju Fjarðaáls eru fjórar vaktir – A-, B-, C- og D-vakt og yfir hverri vakt er leiðtogi. Úr hópi framleiðslustarfsmanna á hverri vakt eru valdir einskonar fyrirliðar sem starfa náði með leiðtögunum. Í steypuskálunum þar sem ég starfa eru fimm leiðtogar og einn þeirra er alltaf í sérverkefnum. Sem stendur er ég í einu slíku verkefni, sem hefur það að markmiði að koma ákveðnu tæki í vinnuferlinu í gang. Þar sem svo stutt er síðan Alcoa Fjarðaál hóf starfsemi hér erum við að vinna frá degi til dags að því að koma öllum hjólum verksmiðjunnar í fullan gang,“ sagði Hallveig.

Álver eru fyrir konur ekkert síður en karla!

Hallveig lætur mjög vel af því að starfa hjá Alcoa Fjarðaáli. „Ég kann mjög vel við þetta starf. Hér er ég að vinna hjá stórfyrirtæki og mörgum kann að finnast það heldur ópersónulegt. En þetta er mikil upplifun og sérlega skemmtilegt að fá að taka þátt í að koma slíkri starfsemi í gang og starfa eftir þeirri hugmyndafræði sem hér er fylgt. Fjarðaál leggur mikla áherslu á teymisvinnu og að skapa góðan vinnuanda.“

Um 30% starfsmanna í álveri Alcoa á Reyðarfirði eru konur. Hallveig segir það afar útbreidda ranghugmynd að störf í álveri séu ekki fyrir konur. Því fari víðs fjarri. „Fólk hefur einfaldlega gert sér alranga hugmynd um störf í álveri. Það fer mjög vel á því að bæði kynin starfi hér, sýn karla og kvenna á hlutina er oft og tíðum mismunandi og því er ekkert nema jákvætt að kynin starfi hlið við hlið.“

Hallveig dregur ekki dul á að margt hafi komið sér á óvart þegar hún hóf störf í álverinu. „Það sem kom mér hvað mest á óvart er, hversu mikið Alcoa Fjarðaál leggur upp úr því að mennta og fræða starfsmenn og hversu mikla og fjölbreytta möguleika starfsmenn í þessu stóra fyrirtæki hafa.“

Mikil áhersla á öryggismálin

Sem kunnugt er, er nú unnið að hagkvæmniathugun á því að Alcoa reisi álver á Bakka við Húsavík. Þar sem Hallveig hefur starfað að atvinnuþróunarmálum í Suður-Þingeyjarsýslu er ástæða til að spyrja hana hvort hún telji að álver yrði mikil lyftistöng fyrir Húsavík, Suður-Þingeyjarsýslu og Mið-Norðurland. Hallveig er skjót til svars: „Það er ekki spurning og að fá svona gott fyrirtæki skiptir ekki síður

máli. Ég er mjög ánægð með hvernig þetta fyrirtæki starfar. Það gerir miklar kröfur á öllum sviðum. Meðal annars gerir það ríkar kröfur varðandi öryggismál og að starfsmenn séu meðvitaðir um þau mál.”

Engir tveir dagar eru eins!

Engir tveir dagar í álveri Alcoa Fjarðaáls eru eins, að sögn Hallveigar. „Dagarnir geta verið mjög mismunandi. Ef ég er leiðtogi á vakt byrja ég á að hitta fólkið á vaktinni og þar ræðum við m.a. um öryggismálin. Síðan hefur hver leiðtogi ákveðinn verkefnalista, sem tekur til samskipta við fólk sem er á vaktinni í steypu-

skálanum og samskipta við fólk í öðrum hlutum álversins, m.a. starfsmenn í kerskálum og fleira. Einnig er á borði leiðtoga ýmskonar skýrsluvinna og síðast en ekki síst forvarna- og verkeftirlit. Í því verkefni sem ég hef verið að vinna að að undanförunu felst m.a. að ég fer í vettvangsferðir um verksmiðjuna og kanna hvort allir hlutir séu eins og þeir eiga að vera og unnið sé samkvæmt fyrirfram ákveðnum verkferlum. Það eru engir tveir dagar eins og það gerir starfið mjög skemmtilegt og fjölbreytt.“

Hallveig gekk í Verkstjórafélag Austurlands í kjölfar þess að hún hóf störf hjá Alcoa Fjarðaáli. Hún segist



Hallveig Björk Höskuldsdóttir í fullum skrudá í álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði.

Mynd: Hilmar Sigurbjörnsson.

fljótt hafa séð marga kosti þess að vera innan vébanda þess félags og þar með að vera aðili að Verkstjórasm-

bandinu. Það búi yfir sterkum sjóðum og þjóni félögum sínum að öðru leyti vel.

Stýrir söludeild BM Vallár í Borgarnesi

Einar Óskarsson, deildarstjóri söludeildar hjá BM Vallá í Borgarnesi, er formaður Verkstjórafélags Borgarness og nágrennis, en í því félagi eru um 70 félagsmenn. Félagið hefur ekki yfir að ráða orlofshúsi, eins og mörg önnur stærri félög, en hefur þess í stað leigt félagsmönnum felliðýsi og tjaldvagna.

„Það hefur komið til umræðu að hverfa frá þessu fyrirkomulagi, en styrkja félagsmenn þess í stað til þess að leigja sér slíkan búnað eða kaupa sér gistingu með öðrum hætti yfir sumarmánuðina. Þetta hefur t.d. verið reynt með ágætum árangri í verkstjórafélaginu á Snæfellsnesi,“ segir Einar.

Starfsstöðvar um allt land

Sem fyrr segir er Einar deildarstjóri í söludeildinni hjá BM Vallá í Borgarnesi. „Í Reykjavík og hér í Borgarnesi



Einar Óskarsson, deildarstjóri söludeildar BM Vallár í Borgarnesi og formaður Verkstjórafélags Borgarness og nágrennis.

erum við með söludeildir þar sem eru seldar allar framleiðsluvörur fyrirtækisins. Í Borgarnesi er einnig önnur

stærsta framleiðsludeild fyrirtækisins. Hér er framleitt þakstál, lagnaefni, hitablásarar og fleira. Límtrésbitarnir

eru hins vegar framleiddir á Flúðum og veggeiningarnar í Reykholti. Steypuframleiðslan er hins vegar í Reykjavík, á Akureyri, Reyðarfirði og Akranesi. Í Borgarnesi eru í það heila um 60 starfsmenn hjá fyrirtækinu,“ segir Einar.

Hann segir að á sínum tíma hafi hann verið verkstjóri á bílaverkstæði í Reykjavík fyrir um þrjátíu árum. Síðan lá leiðin í Borgarnes þar sem Einar var m.a. verkstjóri á bílaverkstæði. En nú starfar hann sem sagt hjá BM Vallá og kann því vel.

Langflestir félagar í Verkstjórafélagi Borgarness og nágrennis eru til heimilis í Borgarnesi, en einnig eru þeir búsettir víðar um land. Í takt við mikla fjölgun íbúa í Borgarbyggð er þess að vænta að félögum í verkstjórafélaginu á staðnum haldi áfram að fjölga á næstu misserum og árum.

Frumvarp um rafbúnaðarúrgang á Alþingi

„Það sem hæst ber núna er frumvarp sem umhverfisráðherra hefur lagt

fram á Alþingi sem lýtur að rafbúnaðarúrgangi. Þetta er efnisflokkur

sem hefur til þessa ekki verið tekið á með sama hætti og ýmis önnur efni



Jón H. Steingrímsson, framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar.

sem hafa verið felld undir Úrvinnslusjóð eins og pappír, plast og hjólbardar,“ segir Jón H. Steingrímsson, framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar. Hann bætir því við að í frumvarpinu, sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd þingsins, sé gert ráð fyrir að leggja svokallaða framleiðendaábyrgð á innflytjendur og framleiðendur rafbúnaðar, sem þýðir að þeim er gert að taka ábyrgð á söfnun og förgun á rafbúnaðinum. Þessi breyting, verði hún að lögum, er í takt við tilskipun ESB þar að lútandi.

„Efnamóttakan hefur um nokkurra ára skeið tekið við og meðhöndlað rafbúnað. Ísskápar og frystikistur hafa farið í sérstakan farveg og eyðingu, einnig tölvu- og sjónvarpsskjáir og tölvur en annar rafbúnaður hefur verið meðhöndlaður sem brotajárn. Verði frumvarpið að lögum má ætla að aukinn kraftur verði lagður í söfnun og flokkun rafbúnaðar. Jafnframt að meiri kröfur verði gerðar um meðhöndlun einstakra flokka en ekki liggur fyrir hverjar þær verða þar sem í lagafrumvarpinu er útfærslunni vísað til reglugerðar,“ sagði Jón H. Steingrímsson að lokum.

Þurfum að útvíkka verkstjórnarfræðin

„Stjórnunar- og skipulagshæfileikar eru fólki misjafnlega í blóð bornir. Mín skoðun er sú að menntun sé þar aðeins hluti heildarmyndarinnar. Verkstjóri er í okkar huga sá sem stjórnar og ýtir á eftir, einkum við verðmætasköpun eða verklegar framkvæmdir. Það þyrfti kannski að víkka þetta eilítið og spyrja sig að því hvernig verkstjórn er háttað í opinberum rekstri,“ segir Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Sets hf. á Selfossi.

Set hf., sem er eitt stærsta fyrirtækið á Selfossi og er umsvifamikið í framleiðslu plaströra og –laga fyrir veitufyrirtæki og slíka aðila. Hjá fyrirtækinu starfa um 70 manns og tæpur þriðjungur þess fólks er af erlendu bergi brotið. „Útlendingarnir hafa bjargað fyrirtækinu á tímum þenslu og umframeftirspurnar eftir ófaglærðu starfsfólki og iðnaðarmönnum. Á sama tíma hefur okkur tekist að mynda mjög sterkan hóp millistjórnaenda sem stýrt hefur vöruþróun, framleiðslu og þjónustu af miklum krafti við aðstaður vaxtar. Við höfum á liðnum árum stundað fræðslustarf og markvissa gæðastjórnun sem agaði og bætti alla menningu hér á bæ,“ segir Bergsteinn.

Minna framboð af millistjórnum

Set hf. er fjölskyldufyrirtæki sem upphaflega framleiddi steipt rör og einingar en fór síðar yfir í plaströrin. „Ég byrjaði að vinna í fyrirtæki fjölskyldunnar sem unglingur og alfarið eftir að skyldunámi lauk og ekki varð um frekari menntun að ræða. Það réði í sjálfu sér nokkru um að ég gekk í Verkstjórafélag Suðurlands, því mál skipuðust fljótt þannig að ég hafði mannaforráð með höndum. Og



Bræðurnir Bergsteinn, til vinstri, og Örn Einarssynir stýra starfsemi Sets hf., sem hefur eflst mikið á undanförunum árum.

raunar má segja að ég sé alltaf verkstjóri, það er enginn eðlismunur á

því hlutverki og framkvæmdastjórninni sem ég gegni nú,“ segir Berg-

steinn sem er einn af þrettán starfsmönnum Sets sem greiða til Verk-

stjórafélags Suðurlands.

„Ég tel að Verkstjórafélagi Suðurlands og eins Verkstjórásambandi Íslands hafi verið vel stýrt í gegnum árin. Þó ég hafi ekki tekið þátt í þessum félagsskap þá hef ég lesið og séð umfjöllun um málefni þess. Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði á skömmum tíma og mun minna framboð er af millistjórnum í iðnaði og við verklegar framkvæmdir og rekstur veitufyrirtækja,“ segir Bergsteinn sem telur þetta í takt við þær áherslur sem þróun atvinnuhátta og menntastefna þjóðarinnar byggir á. Bóknámi og þá einkum og helst fjármála- og viðskiptagreinum sé gert æ herra undir höfði á sama tíma og erlendu verkafólki hérlandis hafi fjölgað. Þetta hafi gert hlutverk verkstjórans alþjóðlegra og meira krefjandi. „Hinn mikli uppgangur sem verið hefur í efnahagslífinu, á að einhverju leyti eftir að ganga til baka þegar og ef tekst að koma á stöðugleika í atvinnulífinu.“

Trafic hefur slegið í gegn

Bjarni Þórarinn Sigurðsson, sölustjóri atvinnubíla hjá B & L segir að Renault Traffic hafi komið, séð og sigrað á síðasta ári, hann hafi verið mest seldi atvinnubíllinn í flokki millistórra sendibifreiða. „Þessi bíll var kynntur í þeirri mynd sem hann er núna í lok árs 2006 og hann fékk strax afar góðar viðtökur,“ segir Bjarni Þórarinn, en aðrar gerðir atvinnubíla frá Renault eru Kangoo og Master. „Trafic hefur hvarvetna fengið góðar viðtökur og verksmiðjan hefur ekki undan að framleiða. Í



Bjarni Þórarinn Sigurðsson, sölustjóri atvinnubíla hjá B & L.

augnablikinu eigum við ekki nóg af bílum, en þeir eru á leiðinni,“ segir Bjarni og bætir við að markaðshlutdeild B & L í atvinnubílunum á markaði hér sé mjög góð, í þessum þremur tegundum af Renault hafi hún verið á bilinu 25-35%.

Bjarni Þórarinn segir að neikvæð umræða um efnahagsmál hafi slegið á spurn eftir bílum að undanförunu, einkum hjá einstaklingum, en ef krónan styrkist áfram muni markaðurinn aftur taka við sér þegar nær dregur vori.

Ensím f/safntanka
Ensím f/niðurföll
Niðurbrotsefni
Stifluleysar
Örverur
Rafmagnssprey
Zinkhúðun

Smurolíur fyrir öll farartæki
Gírolíur og glussar
Smurfeiti
Ráðgjöf og þjónusta

Lím og teip
Andlitsgrímur
Heyrnarhlífur
Eyrnatappar
Slípivörur
Hreinsiflókar
Einangrunarteip
Málm og gengjulím

Augnskol
Handhreinsiefni
Handsápur
Handvörn (Krem)
Sápudælar
Sápuskammtarar
Og margt fleira

Olíuhreinsiefni
Sérhæfð hreinsiefni
Álhreinsiefni
Sýrur

Smurolíur m/Teflon
Þurrsmurning
Teflon bætiefni
f/glussakerfi
Smurefni
f/matvælaíðnað
Tæringavörn
m/Teflon

Hreinsiefnin
VIP 1 og VIP 2 sem hafa
reynst gríðarlega vel
í mjaltakerfin.
Spenadífurnar
PATTEDYP og NOVA DYP
BARRIER hafa fyrir löngu
sannað virkni sína.
Myntukremið
NOVAMYNTE er
með 33% japanskri
piparmyntulíu.

Ný heimasíða

www.kemi.is

Í dagslok skiptir vönduð vara mestu máli

Kemi ehf. • Sími: 544 5466 • Fax: 544 5467 • www.kemi.is • kemi@kemi.is

Ásmundur Jónsson, framleiðslustjóri hjá Bros – Gjafaveri ehf.:

Mikilvægt að starfsmönnum líði vel

Ásmundur Jónsson er framleiðslustjóri hjá Bros – Gjafaveri ehf., sem m.a. selur gjafa- og auglýsingavörur og annast einnig merkingu á fatnað og ýmsar vörur. „Ég er búinn að vera þarna verkstjóri í tíu ár, en hef unnið hjá fyrirtækinu í fjórtán ár. Í mínu starfi felst að ég stýri framleiðslu á öllum sölum sem koma inn og einnig er ég með mannaforráð,“ segir Ásmundur. Áður en Ásmundur kom til starfa

hjá Bros starfaði hann til skamms tíma sem íþróttakennari og fór síðan að læra nudd. „En þar áður, áður en ég fór í Íþróttakennaraskólann, fór ég í grunndeild rafiðna og ætlaði að verða rafeindavirki. Í sjó ár starfaði ég sem bæjarstarfsmaður hjá Selfossbæ og fékk góða skólun hjá góðum verkstjóra þar. Ég bý að þeirri reynslu.“ Ásmundur segir Bros – Gjafaver hafa stækkað og eflst mjög á undanförnum árum. Þegar hann hafi byrjað



Ásmundur Jónsson, framleiðslustjóri hjá Bros – Gjafaveri ehf.

að vinna hjá fyrirtækinu hafi það verið smátt í sniðum, en nú starfi um þrjátíu manns hjá því. „Það kemur í minn hlut að stýra um fimmtán manns hér í fyrirtækinu og mitt starf snýst í auknum mæli um mannaforráð. Í því felst m.a. að halda uppi góðum anda á vinnustaðnum sem skili sér í sem mestri framleiðni og jafnframt að framleiðslugæðin séu sem mest.“ En hvað skyldi Ásmundur hafa að

leiðarljósi í starfi sínu sem framleiðslustjóri? „Það sem ég hef öðru fremur að leiðarljósi í þessu starfi er að starfsmönnum líði vel og jafnframt að við skilum frá okkur eins miklum vörugæðum og nokkur kostur er. Eðli þessarar starfsemi er að það koma stórir sölutoppar nokkrum sinnum á ári, einkanlega þó fyrir jólin og á sumrin. Þá er unnið fram á kvöld og einnig á laugardögum.“ Ásmundur segir að bakgrunnur

hans úr námi og fyrri störfum hafi nýst vel í starfi framleiðslustjóra. Einnig hafi hann sótt sér þekkingu í verkstjórn hjá Iðntæknistofnun. „Þessi námskeið hafa nýst mjög vel. Á þeim lærir maður m.a. skipulag og samtals-tækni við starfsmenn, sem er nauðsynlegt að kunna skil á. Starf framleiðslustjóra nú er mun yfirgripsmeira en það var þegar ég byrjaði í þessu fyrir tíu árum,“ segir Ásmundur.

Fjármögnun á tækjabúnaði

Lýsing sérhæfir sig í eignaleigu en býður að auki upp á jafngreiðslulán



Elvar Daði Eiríksson ráðgjafi á fyrirtækjasviði Lýsingar.

fyrir þá sem það kjósa. Fjármögnunarleiðir Lýsingar eru kaupleiga, fjármögnunarleiga eða rekstrarleiga. Elvar Daði Eiríksson, ráðgjafi á fyrirtækjasviði Lýsingar, segir að auk þess að fjármagna atvinnutæki fjármagni Lýsing einnig atvinnuhúsnæði með fjármögnunarleigusamningum sem gerðir eru til 10-20 ára í senn. Með því að nýta sér þessa fjármögnunarleið geti fyrirtæki gjaldfært fasteignina á mun skemmri tíma en afskriftartíma þeirra og frestað þannig skattgreiðslum. Einnig segir Elvar Daði að Lýsing annist fjármögnun einkabifreiða og bjóði upp á alhliða lausnir í þeim efnum. Eignaleigusamningar Lýsingar eru í eðli sínu eins uppbyggðir samningar, þ.e. viðkomandi tæki er í eigu Lýsingar en viðskiptavinur leigir það í ákveðinn tíma og hefur full umráð yfir tækinu á samningstíma. Mis- munurinn liggur í því hvað gerist í lok samnings, en það er misjafnt eftir tegundum samninga.

Fjölpætt þjónusta Kemi ehf.

Kemi ehf. hefur verið starfrækt í um sautján ár og hefur á þeim tíma fyrst og fremst þjónað sjávarútvegi, landbúnaði og iðnfyrirtækjum. Á sínum tíma var Kemi rekið í samstarfi við danska fyrirtækið Ide Kemi, en árið 1994 keyptu þáverandi eigendur Kemi hlut Ide Kemi og styttist nafnið í kjölfarið í Kemi.

Metnaðarfullt þjónustufyrirtæki Ef horft er til vöruframboðs Kemi má nefna að öryggisvörur frá 3M eru þekktar fyrir gæði. Einnig eru t.d. lím, límbönd, slípivörur, rafsuðuhjálmar o.fl. frá 3M mjög þekkt sem gæðavara. Frá Interflon er Kemi með sérhæfð smurefni með teflon, þurr-



Jón Viðar Óskarsson, framkvæmdastjóri Kemi ehf.

smurningu, hitapolin smurefni og feiti. Einnig er fyrirtækið með smur- olíur, mótaolíu, frostlög og smurefni frá Total-Elf. Í hreinsiefnum fyrir matvælaidnað er Kemi með vörur frá Novadan. Einnig eru á boðstólum iðnaðarhreinsiefni, olíuhreinsiefni og sýrur frá Ide Kemi. Þá má einnig nefna Plum handhreinsiefni og augn- skol. Kemi gerir þrifaplön og veitir ráðgjöf við þrif og val á efnum fyrir matvælavinnslur, stóreldhús o.fl. Fyrirtækið veitir ráðgjöf við val á efnum og leiðbeiningar um notkun örvera til niðurbrots í frárennslislögnum, situ- gildrum og sorpeyðingu. Þá veitir fyrirtækið ráðgjöf um val á olíu fyrir allar gerðir véla og glussa fyrir vökvadrifin tæki. Einnig veitir fyrirtækið ráðgjöf um val og notkun á öryggisbúnaði. Sölumenn Kemi búa yfir mikilli þekkingu og marga ára reynslu af þessum vörum ásamt því að hafa sótt námskeið hjá birgjum erlendis.

Inn á neytendamarkaðinn Jón Viðar Óskarsson, framkvæmdastjóri Kemi, segir að fyrirtækið þjónusti verktakafyrirtæki, mjólkuriðnað-

inn, bændur, sjávarútveginn og marga fleiri. Hann segir að fyrirtækið hafi stöðugt verið að auka sölu og vöruúrval. Í auknum mæli hefur Kemi verið að fara inn á neytendamarkað með ýmsar tegundir af t.d. hreinsiefnum. Jón Viðar nefnir í því sambandi efni til þess að hreinsa veggjakrot, sem hefur reynst gríðarlega vel. Þá nefnir hann hreinsikvoðu og stíflueyði, sem kallast „Trausti hrausti“ og vinnur hratt á hverskyns lífrænum stíflum í niðurföllum. Jón segir mikla áherslu lagða á að vera með áreiðanlegar og vandaðar vörur. Hann nefnir að lagnafrostlögur fyrir snjóbræðslukerfi frá Total-Elf sé afar vinsæll og smur- olíur fyrir mótórhjól frá Elf hafi selst vel. Í júní nk. mun Kemi flytja starfsemi sína að Tunguhálsi 10. Að sögn Jóns Viðars verður þar rýmra um fyrirtækið og þá er ætlunin að setja upp verslun með fjölbreytta flóru vara fyrirtækisins. Ný heimasíða fyrirtækisins á slóðinni www.kemi.is var opnuð í febrúar sl.



ARMAR



VINNULYFTUR TIL LEIGU

Skæralyftur // Spjótlyftur // Skotbómulyftarar // Turnlyftur // Lyftarar

Höfum einnig ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda



- Loftpressur
- Rafstöðvar
- Jarðvegsþjöppur

Armar ehf. // Flatahrauni 25 // 220 Hafnarfjörður // Sími 565 4646 // Fax 534 4320 // www.armor.is

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA VÍS – Byggir upp tryggingavernd fyrir þitt fyrirtæki

Í nútímapjóðfélagi eru þarfir fyrirtækja stöðugt að breytast og því mikilvægt að huga vel að váttryggingaþörf fyrirtækisins.

Fyrirtækjafulltrúar VÍS fara reglulega yfir málin með viðskiptavinum sínum til þess að sníða váttryggingaverndina að kröfum og þörfum þess atvinnu- og viðskiptaumhverfis sem fyrirtæki búa við í dag.

Kynntu þér málin á www.vis.is eða hafðu samband við fyrirtækjafulltrúa okkar í síma 560 5000.



Stýrir skuldlausri afurðastöð á Hellu!

Þorgils Torfi Jónsson er framkvæmdastjóri Sláturhússins Hellu hf., fyrirtækis sem sérhæfir sig í slátrun stórgripa – nautgripa, hrossa og svína. Þorgils Torfi, sem raunar er einnig oddviti sveitarstjórnar Rangarþings ytra og þar að auki húsasmíðameistari að mennt, hefur lengi verið félagi í Verkstjórafélagi Suðurlands – félagi stjórnenda á Suðurlandi.

„Slátruhúsið Hellu hf. er í eigu tæplega tvö hundruð hluthafa - bænda og velunnara. Við slátrum nautgripum sem við sækjum að Hornafirði í austri og Holtavörðuheidi í vestri. Það má því segja að okkar starfssvæði sé hálf t landið. Þetta er fyrst og fremst nautgripaslátruhús og við erum með um 20% hlutdeild á þeim markaði,“ segir Þorgils Torfi, en um fimmtán starfsmenn eru hjá fyrirtækinu.

Þorgils Torfi hefur starfað sem framkvæmdastjóri Sláturhússins Hellu hf. síðan fyrirtækið var stofnað árið 2001. „Reksturinn gengur mjög vel. Þetta er skuldlaust félag, sem verður að teljast nokkuð sérstakt. Við ætlum okkur að nýta góða stöðu til þess að byggja okkur upp til framtíðar. Þannig erum við að koma okkur upp nýrri sláturlínu, ætlum að fara í svokallaða hangandi fláningu. Umsetningin hefur smám saman verið að aukast og reksturinn hefur að sama skapi styrkst. Við erum fyrsta slátruhúsið á landinu sem staðgreiðir bændum fyrir allar afurðir sem þeir leggja hér inn. Það kjót sem til fellur í hverri viku er staðgreitt mánudaginn í vikunni á eftir.“

Stefnt á þúsund tonn á þessu ári

Fyrirtækið selur mest til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu – verslana, kjötvinnslna og veitingahúsa. Heildar slátrun Slátruhússins Hellu hf. var á s.l. ári rúmlega 900 tonn. „Við vonumst til þess að ná þúsund tonnum á þessu ári,“ segir Þorgils Torfi.

„Við höfum getað greitt okkar hluthöfum arð undanfarin ár jafnhliða því að greiða upp allar okkar skuldir. Við skuldum engum neitt og ég hygg að fá fyrirtæki á landinu séu í þeirri stöðu. Á sínum tíma voru margir á þeirri skoðun að þetta fyrirtæki væri andvana fætt, en við höfum blásið á þær úrtöluraddir og reksturinn hefur í raun gengið betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona.“

Miklar sviptingar í eignarhaldi slátruhússins

„Ég hygg að ég hafi verið í Verkstjórafélagi Suðurlands frá 1980 eða í tæp 30 ár. Frá því ári var ég verkstjóri og slátruhússtjóri hér á Hellu, en í upphafi var það hluti af Kaupfélaginu Þór. Ég hef því starfað hér í 28 ár og hafði reyndar unnið hér áður sem slátrari. Fyrirtækið hefur á þessum tíma heitið ýmsum nöfnum. Upphaflega var það sem sagt deild í Kaupfélaginu Þór. Síðar var slátruhúsið sameinað Höfn á Selfossi, síðan KASK á Hornafirði og loks Goða, sem geispaði síðan golumni. Á þeim tíma voru uppi hugmyndir um að leggja af slátrun hér, en niðurstaðan varð sú að mér var falið að vera í forsvari fyrir söfnun hlutafjár til þess að stofna hér nýtt fyrirtæki, sem síðan varð raunin og það fyrirtæki er nú starfandi og gengur vel,“ segir Þorgils Torfi.

Gott að búa á Hellu

Þorgils Torfi er fæddur og uppalinn á

Hellu og man því tímana tvenna í uppbyggingu byggðarlagsins. Hann sagði gott að búa á Hellu og þar væri næg atvinna, raunar vantaði fólk til starfa í mörgum geirum atvinnulífsins. Þorgils Torfi dregur ekki dul á að ef ekki hefði komið til erlent vinnuafli hefðu hjól atvinnulífsins á Hellu ekki snúist af eðlilegum þrótti. „Þegar ég var ungur maður sótti margt fólk úr sveitunum vinnu í þéttbýlið, á vertíðar, í sláurtíðir o.s.frv. En þetta er liðin tíð, enda er orðið mun færri fólk til sveita og það hefur meira en nóg að gera á sínum búum.“

Reynir Kristjánsson, yfirverkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ, hefur um árabíl verið formaður stjórnar Sjúkrasjóðs verkstjóra, sem er gríðarlega sterkur og afar mikilvægur bakhjarl verkstjóra. Ljóst er að margir félagsmenn í verkstjórafélögum um land allt hafa gengið í þau til þess m.a. að eiga aðild að Sjúkrasjóði verkstjóra, sem var stofnaður árið 1974.

Ávöxtun eigna sjóðsins hefur gengið vel

„Stjórn Sjúkrasjóðs hittist í það minnsta einu sinni í mánuði og fer yfir allar umsóknir og síðan eru teknar ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum. Ég get nefnt að í mars greiddi sjóðurinn til dæmis tæpar nú milljónir króna. Það er ekkert launungarmál að sjúkrasjóður okkar er og hefur lengi verið afar sterkur og mér er til efs að nokkur annar sjúkrasjóður greiði jafn mikið í bætur. Okkur hefur gengið vel að ávaxta eignir sjóðsins, sem er lykilatíriði. Kristín Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Verkstjórasambandsins, hefur haft yfirumsjón með þeirri hlið mála og tekist mjög vel upp,“ segir Reynir.

„Ég get ekki sagt að við finnum mikið fyrir þessari kreppu í þjóðfélaginu sem fjölmiðlarnir tala mikið um. Hins vegar merki ég að fyrirtæki eru eilítið varkárari í sjárfestingum,“ segir Gunnar Einarsson, sölustjóri hjá Vélum og þjónustu.

Vélar og þjónusta hafa verið á vélamarkaðnum í um þrjá áratugi. Ekki hvað síst hefur fyrirtækið verið þekkt fyrir breiða línu í Hyster-lyfturum, allt frá handlyfturum upp í risastóra 50 tonna lyftara. „Við erum að þjónusta bæði stór og smá fyrirtæki, en m.a. höfum við selt mikið af lyfturum til sjávarútvegsfyrirtækja og skipafélaga,“ segir Gunnar og bætir við að Hyster sé þriðja stærsta merkið á markaðnum fyrir lyftara í heiminum

Einnig má nefna að Vélar og þjónusta selja McCormick dráttarvélnar, ýmsar gerðir hevinuvéla og margar aðrar gerðir landbúnaðartækja. Þá má nefna ýmsar gerðir af skurðgröfum, m.a. danskar gröfur frá

Sterkur sjúkrasjóður verkstjóra

„Það voru ýmsar ástæður fyrir því að ég ákvað að ganga í Verkstjórafélag Suðurlands á sínum tíma. Félagið hafði ekki og hefur ekki farið í verkfall og það fannst mér áhugavert. En umfram allt er sjúkrasjóður verkstjóra mjög sterkur. Sem betur fer hef ég lítið sem ekkert þurft á honum að halda, en engu að síður er það mikill styrkur að hafa aðgang að svo öflugum sjóði ef eitthvað bjátar á. Verkstjórafélagið hér og Verkstjórasambandið er í góðum rekstri, án mikillar yfirbyggingar og það skiptir miklu máli fyrir okkur félagsmennina.“



Þorgils Torfi Jónsson.

Reynir segist vera nokkuð viss um að réttindi félagsmanna í Sjúkrasjóði verkstjóra séu nokkuð meiri en gengur og gerist um sjúkra- og styrktar-

sjóði „og skerðingarákvæði eru mjög lítil hjá okkur miðað við marga aðra sjóði,“ segir Reynir.

Aðspurður sagðist Reynir telja að



Reynir Kristjánsson, yfirverkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ.

meðalaldur félagsmanna innan Verkstjórasambandsins hafi lækkað á síðustu misserum og árum, eftir að hafa hækkað árin á undan.

Mikilvægt að halda ró sinni

Reynir byrjaði að starfa sem verkstjóri árið 1970, en í dag er hann yfirverkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ.

Reynir segir að í starfi sínu sem yfirverkstjóri sé mikilvægt að hafa ríka þjónustulund og sýna bæjarbúum virðingu og kurteisi. „Jú, blessaður vertu, maður er oft skammaður í þessu starfi, en það er bara hluti af þessu og manni hefur lært að venjast því.“

Á sínum tíma var Reynir til sjós og var „á milli vertíða“, eins og hann orðar það. Eitt leiddi af öðru og allt í einu var hann orðinn verkstjóri og hefur verið í því starfi síðustu áratugi.

Reynir neitar því ekki að starf yfirverkstjóra hjá Hafnarfjarðarbæ sé erilsamt. „Jú, vissulega getur það verið það, ekki síst þegar snjóar mikið og ryðja þarf allan bæinn á stuttum tíma. Þá er bara um að gera að halda ró sinni.“

Verðum lítið varir við „kreppuna“

Hydrema og þá segir Gunnar að kínverskar smágröfur frá Yuchai hafi slegið í gegn.

„Við erum með sýningarsal hér á Járnhálsi 2 og þar getur fólk séð ýmislegt af því sem við höfum að bjóða,“

segir Gunnar, en hjá Vélum og þjónustu starfar á þriðja tug manna.



Gunnar Einarsson, sölustjóri hjá Vélum og þjónustu.

Skemmtilegt starf að vera vegaverkstjóri

Það er einstaklega gaman að vera verkstjóri í vegagerð því að maður sér svo mikið eftir hvern dag – mýri að morgni og vegur að kvöldi. Það er góð tilfinning.

„Já, ég hef unnið hjá Vegagerðinni í yfir fjörutíu ár, ég byrjaði þar árið 1962. Fyrst var ég á vélaverkstæðinu í líklega sautján ár. Síðan færði ég mig út og var verkstjóri yfir vegavinnuflokkum í ein sextán til átján ár og undanfarin þrettán ár hef ég verið verkstjóri inni, ýmist á lager eða yfirverkstjóri. Ég er á fullu ennþá, þó svo að á blöðunum standi að ég sé orðinn 67 ára. En mér finnst ég ekkert orðinn gamall,” segir Páll Þ. Elísson á Reyðarfirði.

Mikilvægt að vera polinmóður
„Það er afskaplega skemmtilegt starf að vera vegaverkstjóri, ég hugsaði að það hljóti að vera með skemmtilegustu störfum sem mönnum býðst. Ég hef kynnst afar fjölbreyttri flóru af fólki í þessu starfi. Þegar ég byrjaði sem vegaverkstjóri var aðalmálið á vorin að koma umferðinni í gegnum drullpyttina. En nú er öldin önnur!” segir Páll og hlær. Lengstaf hefur hann starfað sem vegaverkstjóri á Mið-Austurlandi – á Norðfjarðarvegi, Suðurfjarðavegi, Mjóafjarðarvegi, niður á Borgarfjörð o.s.frv.
„Í þessu starfi, eins og öðrum störfum, gildir að vera þolinmóður, kunna sér hóf og fá menn til þess að

stefna að sama marki. Það gildir það sama um þetta og að þjálfar fótbolta-lið, menn verða að vinna vel saman. Það er einstaklega gaman að vera verkstjóri í vegagerð því að maður sér svo mikið eftir hvern dag – mýri að morgni og vegur að kvöldi. Það er góð tilfinning. Þetta er oft mikil tarnavinna, þegar spáin er vond líta menn ekki á klukku, þá er verkið einfaldlega klárað.”

Jarðgöng eru framtíðin á Mið-Austurlandi
En hvað skyldi felast í því starfi sem Páll gegnir nú hjá Vegagerðinni, starfi yfirverkstjóra í svæðisstöð Vegagerðinnar á Reyðarfirði? „Það er nú ýmislegt. Til dæmis að semja við verktaka um að vinna ákveðin verk, ganga frá samningum við landeigendur um malartöku, sjá um að vegir séu í ákveðnu ástandi samkvæmt stöðlum, varðandi stikur og merki, miðlínur og kantlínur, að brýr séu ekki ómerktar o.s.frv.”
Páll hefur fylgt eftir gríðarlegri þróun í vegagerð hér á landi og hann sér fyrir sér næsta skref í vegaúrbótum á Austurlandi. „Ég trúi því að menn séu það skynsamir að þeir hverfi ekki af þeirri braut að bora



Páll Þ. Elísson, yfirverkstjóri hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði.

jarðgöng til þess að tengja byggðir hér á Mið-Austurlandi. Mér finnst ekkert annað koma til greina og það er engin önnur skynsamleg lausn til þess að leysa þessi samgöngumál hér á svæðinu til framtíðar. Einnig tel ég að það muni koma göng undir Smjörvatnsheiði milli Héraðs og Vopnafjarðar og vonandi er stutt í tengingu Mið-Austurlandsins við Suðausturland með göngum undir Lónsheiði. Síðan tel ég að það muni koma göng undir Berufjarðarskarð úr Berufirði í Breiðdal og síðan göng áfram undir Breiðdalsheiði. Endurbættur vegur um Öxi verður aldrei annað en bráðabirgðavegur.”

Virkilega góður félagsskapur
Páll segist hafa verið lengi í Verkstjórafélagi Austurlands. „Þetta er virkilega góður félagsskapur og einstaklega sterkt félag hér fyrir austan. Egill heitinn Jónasson átti mikinn þátt í hversu öflugt þetta félag er og nú er úrvalsfolk í stjórn þess,” segir Páll, en hann var til margra ára í stjórn Verkstjórafélags Austurlands, en hætti í stjórn á síðasta ári.

IÐAN fræðslusetur

Stjórnenda- og rekstrarnámskeið IÐUNNAR fræðsluseturs:

- Stjórnun og stjórnandinn
- Bestu aðferðir rekstrar
- Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir
- Mannauðsstjórnun
- Frammistöðustjórnun
- 360° stjórnendamat
- Námstækni
- Líkamsbeiting og vinnumhverfi
- Bókhald smærri fyrirtækja
- Skjalastjórnun í minni iðnfyrirtækjum
- Gæðakerfi SI
- Elmeri og TR mælir
- Kennsla á vinnustað
- Tölvunámskeið
- Hönnunarnámskeið í þrívídd og iðnhönnun
- Fjármálastjórnun

- Raunfærnimat
- Námsráðgjöf
- Námskeið á vinnustað
- Persónuleg verkþjálfun
- o.fl. o.fl.



IÐAN
fræðslusetur

Sími 590 6400
idan@idan.is • www.idan.is

Sterk staða Verkstjórasambandsins

- spjallað við Kristínu Sæunnar og Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Verkstjórasambands Íslands

Í Hlíðasmára 8 í Kópavogi er skrifstofa Verkstjórasambands Íslands og þar starfa þrjár konur – Kristín Sæunnar og Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, Helga Jakobs, skrifstofustjóri og Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir, skrifstofumaður. Þær þrjár sjá um daglegan rekstur Verkstjórasambandsins og veita upplýsingar til félagsmanna verkstjórafélaganna. Kristín segir að erindi félagsmanna til skrifstofunnar séu af margvíslegum toga.

„Félagsmenn leita mikið til okkar í tengslum við sjúkrasjóðinn. Einnig leita þeir okkar liðsinnis við gerð ráðningarsamninga, endurskoðun launakjara, leita ráðlegginga ef upp kemur ágreiningur á vinnustað eða ef til standa skipulagsbreytingar á vinnustað. Þetta eru aðeins örfá dæmi um það sem félagsmenn í Verkstjórasambandinu leita til okkar með, en óhætt er að segja að erindin séu af ýmsum toga og við leitumst við að greiða úr þeim öllum eins og okkur er unnt. Við veitum fúslega ráðgjöf og ég lít á það sem hlutverk okkar að standa með félagsmönnum í flestu því sem þeir upplifa sem vanda, ef þeir leita með hann til okkar,“ segir Kristín.

Sérstök staða verkstjóra

Kristín segir því ekki að leyna að verkstjórar séu stundum í nokkuð erfiðri stöðu innan fyrirtækja. Ef þrengi að í rekstri þeirra komi t.d. oft í hlut verkstjóra að vera boðberar slæmra tíðinda og jafnvel segja upp



Þær starfa hjá Verkstjórasambandinu. Frá vinstri: Kristín Sæunnar og Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, Helga Jakobs, skrifstofustjóri, og Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir, skrifstofumaður.

Við veitum fúslega ráðgjöf og ég lít á það sem hlutverk okkar að standa með félagsmönnum í flestu því sem þeir upplifa sem vanda.



Verkstjórasambandið er til húsa í þessu húsi að Hlíðasmára 8 í Kópavogi.

Sterkur sjúkra-sjóður

Sjúkrasjóður verkstjóra er gríðarlega sterkur og segir Kristín Sæunnar Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Verkstjórasambandsins, að styrk hans megi m.a. rekja til þess að vel hafi tekist til með ávöxtun eigna sjóðsins á undanförunum árum. Þannig hafi á síðustu fimm árum tekist að tvöfalda eignir sjóðsins. „Félagsmenn í Verkstjórasambandinu eru mjög ánægðir með sjúkra-sjóðinn og finnst mikið öryggi af því að hafa aðgang að svo sterkum sjóði. Á síðasta ári var staða sjúkrasjóðsins þannig að þó svo að við fengjum enga innkomu og enga ávöxtun á eignir sjóðsins, þá gátum við borgað úr sjóðnum í 23 ár, miðað við sambærilegar greiðslur,“ segir Kristín.

„Það er óhætt að segja að við séum stolt af okkar sjúkrasjóði. Sem dæmi greiðir sjóðurinn sjúkraþjálfun félagsmanna 100% á móti Tryggingastofnun og ekki er neinn hámarksfjöldi þeirra heimsókna til sjúkraþjálfara sem greitt er fyrir. Við viljum einfaldlega að okkar fólk sé heilsuhraust og það er heldur ekki sjúkrasjóðnum til hagsbóta ef starfsmaður þarf að hætta störfum vegna t.d. stoðkerfisvandamála.“

Sjúkrasjóður verkstjóra á íbúð í Lautarmára 5, Kópavogi, sem eingöngu er leigð út vegna veikindatilfella verkstjóra, maka eða barna á hans framfæri.

fólki. Þetta geti reynst verkstjórum þungbært og streituvaldandi. „Þegar verkstjórar hafa náð að byggja upp góðan og samhentan hóp fólks á vinnustað má nærri geta að það er ekki auðvelt fyrir þá að þurfa að ákvarða hverjum eigi að segja upp störfum, komi sú staða upp að þurfi að fækka starfsmönnum. Því má ekki gleyma að uppsagnir eru ekki bara erfiðar fyrir þá sem fyrir þeim verða, heldur einnig þá sem eftir eru á vinnustaðnum.“

Fjölþætt þjónusta við félagsmenn
- *Er staða Verktakasambandsins sterk í dag, að þínu mati?*

„Já, ég tel að hún sé mjög sterk, bæði félagslega og ekki síður fjárhagslega. Við veitum verkstjórafélagunum út um allt land eins góða þjónustu og okkur er frekast unnt. Einnig önnunumst við kjarasamningagerð fyrir verkstjóra um allt land og veitum aðstoð við túlkun þeirra.“

- *Eru verkstjórafélagin mismunandi virk?*

„Já, verkstjórafélagin sem eru þrettán, hafa félagsmenn um land allt. Þau eru vissulega misjafnlega virk og leggja töluvert ólíkar áherslur í starfsemi sinni. Það eru félagsmenn í hverju félagi fyrir sig sem móta stefnu félaganna og það er gaman að sjá hversu ólíkar leiðir þeir hafa valið.“

- *Verkstjórasambandið býður upp á lögfræðiaðstoð fyrir félagsmenn. Hvernig er henni háttað?*

„Jú, það er rétt að við bjóðum okkar félagsmönnum lögfræðiaðstoð ef þeir þurfa á henni að halda. Lára V. Júlíusdóttir er okkar lögfræðingur og fylgir eftir málum til enda sem upp kunna að koma og snerta starfið eða vinnuna. Einnig veitir hún félagsmönnum okkar lögfræðilega ráðgjöf um hvaðeina sem þeir þurfa að fá aðstoð við varðandi mál af persónulegum toga. Ef þeir þurfa á þessari þjónustu að halda þá hafa þeir fyrst sam-

band við mig og við finnum heppilegan tíma.“

Um 2500 félagsmenn
Verkstjórar sem aðild eiga að Verkstjórasambandinu eru nú um 2500, þar af eru um 2000 verkstjórar á vinnumarkaði. Meðalaldur verkstjóra innan Verkstjórasambandsins er á milli 40 og 45 ár. Bróðurpartur þeirra eru karlmenn, tæplega 150 konur eru

félagsmenn í Verkstjórasambandinu. Hlutfallslega hefur konum þó fjölgað töluvert á síðustu misserum.

Verkstjórafélagin um allt land eiga samtals 26 orlofshús og orlofsíbúðir. Fyrst og fremst eru orlofshúsin nýtt yfir sumarmánuðina og eitthvað um helgar, en orlofsíbúðirnar í Reykjavík og á Akureyri eru ágætlega nýttar árið um kring.

Hvað er Verkstjórasamband Íslands?

Verkstjórasamband Íslands (VSSÍ) var stofnað 10. apríl 1938 og fagnar því 70 ára afmæli sínu nú. Verkstjórasambandið er félaga- og hagsmunasamtök verkstjóra og annarra stjórnenda og innan þess eru þrettán verkstjórafélag og allt land. Enskt heiti Verkstjórasambandsins er: The Icelandic Union of Foremen and Supervisors.

Í lögum um Verkstjórasambandið kemur fram að tilgangur þess sé að sameina innan sinna vébanda öll félög verkstjóra og stjórnenda, vinna að bættum launakjörum, aukinni menntun, réttindum og öðrum hagsmunamálum og í þriðja lagi að veita aðildarfélagum aðstoð sé þess óskað og ástæða er til að mati sambandsstjórn-

ar.

VSSÍ gerir kjarasamninga við vinnuveitendur samkvæmt samþykktum þinga og kjaramálaályktunum aðildarféлага. Þing VSSÍ er haldið annað hvert ár – til skiptis í landsfjórðungunum.

Prettán aðildarfélag
Þrettán verkstjórafélag eiga aðild að Verkstjórasambandi Íslands. Þetta eru:

- Verkstjórafélag Reykjavíkur
- Verkstjórafélagið Þór
- Verkstjórafélag Akraness
- Verkstjórafélag Borgarness
- Verkstjórafélag Snæfellsness
- Verkstjórafélag Vestfjarða

Verkstjórafélag Norðurlands vestra

Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis

Verkstjórafélag Austurland

Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Verkstjórafélag Suðurlands

Verkstjórafélag Suðurnesja

Verkstjórafélag Hafnarfjarðar

Skrifstofa VSSÍ í Hlíðasmára 8 í Kópavogi
Verkstjórasambandið er með skrifstofu sína að Hlíðasmára 8 í Kópavogi. Þar eru þrír starfsmenn sem hafa með höndum ýmis störf fyrir sambandið og aðildarfélag þess. Þá sér skrifstofan um alhliða upplýsingaþjónustu við félagsmenn í aðildarfé-

lögum VSSÍ, svo sem varðandi réttindi og kjör, samninga og samningamál. Sími á skrifstofunni er 553 5040, heimasíða www.vssi.is og tölvupóstur vssi@vssi.is.

Fyrir hverja eru verkstjórafélagin?
Verkstjórafélagin eru fyrir alla þá sem eru í stjórnunarstöðu í fyrirtæki eða starfsmenn sem hafa yfirráð yfir mönnum og/eða yfirumsjón með viðamiklum verkefnum. Þá er hagsmunum einyrkja í sjálfstæðum atvinnurekstri vel borgið innan verkstjórafélaganna.

Jón Ó. Vilhjálmsson, formaður Verkstjórafélags Suðurlands og gjaldkeri Verkstjórasambandsins:

Nauðsynlegt að bæta menntunargrunn verkstjóra

Jón Ó. Vilhjálmsson hefur lengi staðið í framvarðarsveit verkstjóra á Íslandi. Hann er formaður Verkstjórafélags Suðurlands og jafnframt gjaldkeri sambandsstjórnar Verkstjórasambands Íslands. Jón hefur komið að hagsmunamálum verkstjóra á ýmsum sviðum, ekki síst hefur hann látið menntunarmál starfsstéttarinnar til sín taka.

Ýmsar leiðir til skoðunar

„Það sem ég tel hvað mikilvægast í menntunarmálum verkstjóra er að koma þeim inn á framhaldsskólastig, þannig að verkstjórar geti lokið ákveðnu námi af sérstakri námsbraut og fengið það viðurkennt. Ég vil taka fram að þegar ég tala hér um verkstjóra á ég einnig við fólk með fjölbreytt starfsheiti stjórnenda.

Staðreyndin er sú að starf verkstjóra hefur með árunum orðið æ fjölpættara og flóknara, ekki síst vegna aukinna krafna varðandi öryggismál, áhættumat og vinnuverndarmál. Gæðamálin eru svo alveg sérkapítuli. Þessir málaflokkar lenda meira og minna á borðum verkstjóra. Ég hefði viljað tengja framhaldsnám verkstjóra við meistaranámið og það mætti vel hugsa sér að það yrði byggt upp innan veggja hins nýlega sameinada Fjöltækniskóla, en ég veit að hann er að fara af stað með endurmenntun fyrir stýrimenn, skipstjóra og vélstjóra sem vilja starfa í landi. Þessir stjórnendur hafa úti á sjó starfað á mjög afmörkuðu svæði og þekking þeirra nær því ekki að sama marki til nýs starfsvettvangs í landi. Innan Fjöltækniskólans er klárlega þekking til þess að semja námsefni sem myndi einnig nýtast verkstjórum vel.

Það eru mörg dæmi um verkstjóra, sem hafa t.d. unnið hjá verktafyrirtækjum við lagningu gatna og vega, í virkjunum o.s.frv., og margir þeirra hafa litla formlega skólagöngu að baki umfram grunnnám, en eru kannski með meirapróf eða vinnuvélapróf og einstök námskeið, ásamt mikilli reynslu af verkefnum þáttum. Þessum verkstjórum er síðan ætlað að gera áhættumat og fylgja eftir öðrum ákvæðum laga og reglugerða um öryggismál og vinnuvernd. Ég tel að verkstjórum í þessum sporum verði að standa til boða einhverjar námsbrautir þar sem þeir geta sótt sér nauðsynlega þekkingu.“

Verkstjórnarfræðslan hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

„Sjálfr verkstjórnarfræðslan stendur til boða hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands



Jón Ó. Vilhjálmsson er stöðvarstjóri móttökustöðvar Sorpu í Reykjavík.

Það sem ég tel hvað mikilvægast í menntunarmálum verkstjóra er að koma þeim inn á framhaldsskólastig, þannig að verkstjórar geti lokið ákveðnu námi af sérstakri námsbraut og fengið það viðurkennt.

og þar hafa menn fengið grunnfræðslu í verkstjórnun, skipulagningu á vinnutíma, gerð verkáætlaða o.fl. Þetta er fyrst og fremst grunnur sem nauðsynlegt er að allir verkstjórar hafi, en síðan tel ég nauðsynlegt að byggja ofan á þennan grunn. Eins og ég segi höfum við horft til Fjöltækniskólans með framhaldsnámið, en það mætti einnig hugsa sér fjölbrautaskólana í þessum efnum. Fjarnám í tengslum við símenntunarmiðstöðvarnar út um allt land kemur einnig til greina. Aðalatriðið í þessum efnum er að koma á einhverju slíku námi, sem standi verkstjórum til boða.

Það hefur hins vegar lengi verið pottur brotinn í menntunarmálum verkstjóra hvað varðar framhaldsnámið. Eftir því sem löggjöfin harðnar varðandi öryggis- og vinnuverndarmálin og ýmislegt annað, því meiri ástæða er til að gera á þessu bragarbót. Ég tel að atvinnulífið hafi átt að sig á þessu, en það er eins og hnífurinn standi fastur í kúnni í stjórnsýslunni. Ég hefði viljað koma þessu undir menntamálaráðuneytið, eins og á við um aðra þætti menntunar og

fræðslu í landinu.”

Auk verkstjórnarfræðslunnar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands stendur verkstjórum til boða ýmiskonar stjórnunarnámskeið, sem nýtast þeim vel. „Sjálfr hef ég farið á ýmis gagnleg námskeið sem Capacent stendur fyrir. Ég get nefnt dæmi um sérhæft námskeið um starfsmannaviðtöl, annað námskeið um einelti á vinnustað og það þriðja um tímastjórnun. Öll þessi námskeið eru mjög góð, en eftir sem áður tel ég að bæta verði sjálfan grunninn og þessi námskeið verði síðan fyrst og fremst endurmenntunarnámskeið.“

Jón segir að nú þegar hafi verið fundað með forráðamönnum Fjöltækniskólans um þann möguleika að koma á sérstöku námi fyrir verkstjóra og þeirri hugmynd hafi verið vel tekið af skólayfirvöldum. Vonandi leiði viðræður við stjórnendur Fjöltækniskólans til jákvæðrar niðurstöðu. „Málið er að vinnuumhverfið á Íslandi breytist hratt og við verðum að fylgja þeim breytingum eftir með því að mennta okkar fólk.“

Millistjórnendur verði í sama félaginu

Jón hefur verið talsmaður þess að útvíkka starfsemi verkstjórafélaganna og hann og hans menn í stjórn Verkstjórafélags Suðurlands fylgdu því eftir með því að breyta nafni félagsins í Verkstjórafélag Suðurlands – félag stjórnenda á Suðurlandi. „Okkur fannst að verkstjóranaefnið væri of afmarkandi fyrir okkar félag. Nú til dags eru verkstjórar ekki bara með mannaforráð. Það hefur fæst í vöxt að menn hafi verkefnastjórnun með höndum án mannaforráðs. Framkvæmdastjórar í hlutafélögum, sem sumir hverjir hafa ekki verið í neinum félögum, hafa í auknum mæli verið að ganga í okkar félög, enda sjá þeir sínum hag best borgið innan okkar raða. Mín sýn er sú að hér verði, eins og víða á Norðurlöndum, allir millistjórnendur í fyrirtækjum í sama félaginu. Mér er kunnugt um

að á Norðurlöndum eru til sérstakir stjórnendaskólar og einhverju í þá veru þyrfti að koma á hér.“

Stöðvarstjóri hjá Sorpu

Jón býr á Selfossi, en starfar engu að síður í Reykjavík, er stöðvarstjóri móttökustöðvar Sorpu. „Í þessu felst að ég er rekstrarstjóri móttökustöðvarinnar. Ég geri rekstraráætlanir, annast ráðningar starfsfólks og fylgist almennt með að daglegur rekstur sé í sem bestu horfi. Undir minni stjórn starfa síðan tveir verkstjórar, yfirverkstjóri og undirverkstjóri.“

Áður en Jón hóf störf hjá Sorpu árið 2002 annaðist hann um árábil rekstur Vélsmiðju KÁ á Selfossi. Og í mörg undanfarin ár hefur hann verið virkur í félagsmálum verkstjóra, sem formaður í Verkstjórafélagi Suðurlands og í sambandsstjórn Verkstjórasambandsins, sem fyrr segir.

ÍSHLUTIR

Völuteigi 4 - 270 Mosfellsbær
Sími 575 2400
ishlutir@ishlutir.com - www.ishlutir.com



Skoðaðu heimasíðuna
www.rafver.is



SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS



Vinnufatabók 2008

Sölumenn 66°Norður vilja benda viðskiptavinum
sínur á að nýja vinnufatabókin er komin út.
Sími 535 6660.